MOSFELLINGUR

5. tbl. 9. árg. föstudagur 9. apríl 2010. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Myndir/Hilmar

Skóli fyrir eins til níu ára

KRIKASKÓLI VÍGÐUR

Glæsilegur Krikaskóli var tekinn í notkun í Mosfellsbæ föstudaginn 26. mars. Skólinn er fyrir eins til níu ára börn og starfræktur frá kl. 8-17 alla daga vikunnar, allt árið um kring. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkur skóli starfar hér á landi. Haldin var samkeppni um þróun skólastefnu Krikaskóla fyrr á árinu og vinningstillagan, sem unnin var af hópi sem kallar sig Bræðingur, gengur út á grunnhugmynd skólans um lýðræðisleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám og að efla reynslu og virkni barnsins með því að bjóða því upp á raunveruleg verkefni og viðfangsefni. Skólanum var færður fjöldi gjafa eins og sjá má á myndunum.

» 4

EIGN VIKUNNAR

Bjartahlíð - 4ra herbergja

Eignin er laus til afhendingar strax!

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Falleg og rúmgóð 93,8 m2, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli með sérinngangi af svölum. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymslu, eldhús og rúmgóða stofu. Við hlið inngangs er köld útigeymsla. Svalir í suðvestur. Frábær staðsetning. **V. 20,5 m.**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali • www.fastmos.is

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf
Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
NÝ HEIMASÍÐA - WWW.JONB.IS

Ný CABAS tjónaskoðun

Vottað verkstæði

Þjónustuverkstæði
útvegum bílaleigubíla

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Prentun: Oddi **Upplag:** 4000 eintök
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsta blað kemur út 21. apríl

Eins dauði er annars brauð

Steindi Jr. hefur nú afþakkað sæti sitt á lista Vinstri grænna. Vinnuveitendum hans hefur ekki þótt fara saman að vera með grín í sjónvarpi og taka sæti á lista.

Einnig kom fram að fjöldi kvartana hafi borist. Hverjir kvarta yfir slíku, var hann farinn að ógna setu annarra bæjarfulltrúa? Maður spyr sig.

Eins dauði er annars brauð.

Eldhúsið-Pizzabakarí hefur sagt sitt síðasta. Skólabókardæmi um hvernig á ekki að reka fyrirtæki. Veitingastaður Kidda Rót hefur hinsvegar opnað og má segja að það sé eini alvöru veitingastaðurinn í Mosó frá því Western Fried var og hét.

Hver segir að Facebook-hópar virki ekki? Nú er N1 í Háholti opið allan sólarhringinn en þrýstingur var settur á stjórnendur fyrirtækisins á Facebook þar sem hátt í 3000 manns skráðu sig. Nú er það svo undir Mosfellingum komið hvort þeir nýti sér þjónustuna svo framhald verði á.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Þetta sjónarhorn blasti við þeim sem lögðu leið sína um Lágafellsklif. Byssuhreiður og varðmenn sem fylgdust með umferð um þjóðveginn. Ljósa rákin til hægri við veginn er hitaveitustokkurinn, en á stríðsárunum var unnið að gerð hans. Efst til hægri sér til Korpúlfsstaða. Á Lágafellsklifi er í dag útsýnisskífa. Þaðan er frábært útsýni yfir Mosfellsbæ, fjallahringinn, til Reykjavíkur og um eyjar og sund.

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Í næstu tölublöðum Mosfellings verða birtar ljósmyndir frá veru hernámsliðs í Mosfellssveit á stríðsárunum. Talið er að meira en tíu þúsund hermenn hafi verið hér, þegar umsvifin voru mest. Mikil mannvirkjagerð fylgdi herliðinu. Risu þá braggahverfi „Kampar" vítt og breitt um sveitina og þrengdu að bændum og búaliði. Nú þegar 65 ár eru liðin frá stríðslokum er fátt hér í sveit sem minnir á þessa tíma en finnst þó ef grannt er skoðað.
Á samstarfsárum okkar Magnúsar Lárussonar í Varmárskóla ræddum við oft um stríðsárin. Hann ólst upp á Brúarlandi og þekkti af eigin raun til samskipta við hermennina. Ég sæki fróðleik minn til frásagna Magnúsar, í ritgerð Ragnars Lárussonar um hernámið, Virkið í norðri og Mosfellsbær, saga byggðar.
Umsjón: Birgir D. Sveinsson

HÉÐAN OG ÞAÐAN



matarlist.is

Kíktu inn á www.matarlist.is til að kíkja á frábærar uppskriftir og hugmyndir varðandi matargerð og matarmenningu.

Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: 586 8080
www.fastmos.is

Leirvogstunga – Einbýlishús

Fallegt og vel skipulagt 198 m2 einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, tvö baðherbergi, fjögur svefnherbergi, geymslu, þvottahús og bílskúr.

V. 43,9 m.

Laxatunga 94, 96 og 98

Mögul. á allt að 90% fjármögnun! Falleg 182,1 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalerni, stofa, eldhús, sér þvottahús og geymsla. Húsin verða afhent fullbúin, án innréttinga, gólfefna og innihurða, en rafmagn er fullfrágengið, gólf á forstofu, gestalerni og baðherbergi eru flísalögð.Hiti í gólfum. Áhv. eru ca. 21 millj. kr. ÍLS lán.

V. 29,9 m.

Laxatunga 116-124

Möguleiki á allt að 90% fjármögnun! Falleg raðhús á einni hæð. Húsin skiptast samkvæmt teikningu í forstofu, 2 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús, geymslu, stofu og borðstofu. Húsin eru fullbúin að utan, einangruð og tilbúin undir innveggi. Hiti í gólfum. Falleg hús á mjög góðu verði. Áhv. eru ca. 17,5 millj. kr. ÍLS lán.

V. 20,6 m.

Kvíslartunga - Parhús

Möguleiki á allt að 90% fjármögnun! Stílhreint og flott parhús á tveimur hæðum á miklum útsýnisstað í Mosfellsbæ. 4-5 svefnherbergi, fleiri möguleg, stórar stofur og eldhús, góður bílskúr og mjög stórar svalir. Húsið er tilbúið til afhendingar, skilast fullbúið að utan og vel rúmlega fokhelt að innan. Áhvílandi er yfirtakanlegt hagstætt lífeyrissjóðslán á 4,9% vöxtum, um 33 m.kr. Lækkað verð! Sýningaríbúð í Kvíslartungu 51! **V. 39,9 m.**

Grundartangi - Raðhús

Vel skipulagt 70,2 m2, 3ja herbergja raðhús á einni hæð með góðum garði við Grundartanga í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, þvottahús/geymslu, baðherbergi, stofu og eldhús. Timburverönd og sérgarður í vestur.

V. 19,9 m.

Litlikriki - Endaraðhús

Fallegt 278 fm endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum 36,4 fm bílskúr við Litlakrika í Mosfellsbæ. Efri hæðin skiptist í forstofu, rúmgott herbergi, salerni, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. Á neðri hæðinni eru þrú rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi, sjónvarpshol(sem er hægt að breyta í herbergi), stórt þvottahús og geymslu.

V. 49,5 m.

Bergholt - Einbýlishús

133,6 m2 einbýlishús ásamt 33,6 m2 bílskúr við Bergholt í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, gestasalerni, baðherbergi, fjögur svefnherbergi, eldhús, búrherbergi, stofu og borðstofu. Húsið stendur á fallegri hornlóð í rólegri götu í grónu hverfi í Mosfellsbæ.

V. 39,5 m.

Furubyggð - Parhús

Fallegt 169,5 m2 parhús á einni hæð með bílskúr við Furubyggð 19 í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, borðstofu, stofu og sólstofu. Bílskúrinn er 27,4 m2 með geymslulofti. Þetta er mjög falleg eign í fallegu umhverfi.

V. 35,9 m.

Arnarhöfði - Endaraðhús

Mjög fallegt 188 m2 endaraðhús á 2 hæðum með bílskúr við Arnarhöfða í Mosfellsbæ. Falleg aðkoma er að húsinu, stórt bílaplan fyrir framan húsið er hellulagt og garðurinn gróinn með fallegri timburverönd. Stutt er í leikskóla, grunnskóla, sund og á golfvöll Mosfellsbæjar.

V. 44,9 m.

Bugðutangi - Raðhús

Vel staðsett tvílyft 201,6 m2 raðhús með bílskúr. Á efri hæðinni eru stórar stofur, nýstandsett eldhús, baðherbergi, búr og baðherbergi. Í kjallara er sjónvarpshol, tvö herbergi, geymsla, þvottahús, snyrting og bílskúr. Garðurinn er til suðurs með verönd. **Seljandi skoðar skipti á minni eign.**

V. 35,9 m.

Skeljatangi - 4ra herbergja

Rúmgóð 4ra herbergja 92,4 m2 íbúð á jarðhæð með sér inngangi og sér afnotarétt af garði við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymslu, eldhús og stofu. Köld útigeymsla er við hlið íbúðarinnar. **Eignin er laus til afhendingar strax! Áhvílandi lán ca. 19,9 m.**

V. 21,5 m.

Tröllateigur - 3ja herbergja

Falleg og rúmgóð 121,9 fm, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara í glæsilegu lyftuhúsi við Tröllateig í Mosfellsbæ. Vönduð og fallega innréttuð íbúð með fallegu útsýni til suðvesturs.

V. 24,5 m.

Rauðamýri - 2ja herbergja

Mjög falleg 81 m2, 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í litlu 3ja hæða fjölbýli við Rauðamýri 3 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottahús, rúmgott svefnherbergi, baðherbergi með baðkari, eldhúsi og stofu með mjög mikilli lofthæð og fallegu útsýni. **Áhvílandi er ca. 19 m. hjá Íslandsbanka.**

V. 19,9 m.

Nýir eigendur að Grillnesti í Háholti

Rúnar Bragi Guðlaugsson og Bylgja Bára Bragadóttir hafa fest kaup á rekstri Grillnestis að Háholti 24. Eigendaskipti munu fara fram 15. apríl og að sögn Rúnars þá munu þau hjón loka tímabundið 15. apríl og opna aftur eftir endurbætur á sumardaginn fyrsta 22. apríl. Fyrirhugað er að bjóða uppá ferskar nýjungar, rjúkandi heitt kaffi frá Te og Kaffi ásamt því að vera með ís úr vél og veglegan sælgætisbar. Vegleg opnunartilboð munu verða á sumardaginn fyrsta sem munu gilda til sunnudagsins 25. apríl.

Minnihlutinn vill íbúakosningu

Á fundi bæjarstjórnar 24. mars lagði Jónas Sigurðsson bæjarfulltrúi Samfylkingar til að samhliða sveitarstjórnakosningum í vor verðai jafnframt kosið um staðsetningu kirkjubyggingar. Breytingartillaga kom frá Marteini Magnússyni bæjarfulltrú Framsóknar að kosið yrði hvort kirkjubyggingin yrði samtengd menningarhúsi. Tillögurnar voru felldar með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Krikaskóli í Mosfellsbæ er fyrsti skólinn á landinu fyrir eins til níu ára börn

Framsækin nýjung í skólastarfi

Mosfellsbær hefur tekið í notkun nýjan skóla, Krikaskóla, sem verður skóli fyrir eins árs til níu ára börn. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkur skóli starfar hér á landi. Í honum er samfella milli leik- og grunnskóla og starfar hann frá 8-17 alla daga vikunnar, allt árið um kring. Ekki er því um hefðbundin jóla-, páska- og sumarfrí að ræða líkt og tíðkast í grunnskólum, heldur taka börnin einungis 4-6 vikna sumarfrí á ári.

Sérhannaðar útikennslustofur

„Það er stór stund að geta tekið í notkun húsnæði sem er hannað í kring um þá skólastefnu sem unnið er eftir hér í Krikaskóla." Sérstaða skólans felst í samþættingu, útistarfinu, hinum heildstæða skóla allan ársins hring og að börn fái notið bernsku sinnar. Samþættingin er af tvennum toga, annars vegar samþættingu árganga, en hins vegar leikskóla og grunnskóla. Hér verður mikil áhersla lögð á útistarf enda erum við með sérhannaðar útikennslustofur sem skýla munu börnunum fyrir veðri og vindum vetur sem sumar," segir Þrúður Hjelm skólastjóri Krikaskóla.

Einstaklingsmiðað nám

Haldin var samkeppni um þróun skólastefnu Krikaskóla fyrr á árinu og vinningstillagan, sem unnin var af hópi sem kallar sig Bræðingur, gengur út á grunnhugmynd skólans um lýðræðisleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám og að efla reynslu og virkni barnsins með því að bjóða því upp á raunveruleg verkefni og viðfangsefni. Í Bræðingi eru meðal annarra Andri Snær Magnason rithöfundur, Helgi Grímsson skólastjóri, auk arkitekta, verkfræðinga, landslagsarkitekts og fleiri.

Bæjarstjórn gaf nemendum skólans táknræna gjöf.

Frábært tækifæri til nýsköpunar

Í vinningstillögu Bræðingshópsins segir: „Krikaskóli er frábært tækifæri til nýsköpunar í íslensku skólastarfi. Í Krikaskóla er ekki aðeins tækifæri til að tengja rafmagnið og gítarinn saman heldur hugsanlega að bæta fiðluboganum við. Skóli sem er hannaður frá grunni til að mæta þörfum barna krefst nýrrar hugsunar og skörunar á mörgum sviðum, allt frá hönnun skólabygginga til skipulags og stjórnunar í skólastarfi. Þarna mætast tvær hefðir, grunnskólahefðin og leikskólahefðin í einu og sama rýminu."

Helgi Grímsson og Andri Snær Magnason áttu vinningstillöguna að skólanum.

Séra Ragnheiður blessar skólann að viðstöddu fjölmenni þann 26. mars.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is

Helgihald næstu vikna

Sunnudaginn 11. apríl

Fermingarguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 10:30

Fermingarguðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 13:30

Sunnudaginn 18. apríl

Fermingarguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 10:30

Fermingarguðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 13:30

Öll nöfn á fermingarbörnum þessa vors er hægt að nálgast á heimasíðu Lágafellssóknar: www.lagafellskirkja.is

www.lagafellskirkja.is

ALLTAF OPIÐ Í MOSFELLSBÆ

24

N1 Háholti Mosfellsbæ hefur nú bæst í hóp þeirra N1 stöðva sem eru opnar allan sólarhringinn.

Renndu við hvenær sem þér hentar til að fá þér bita, kaffi og með því eða fylla á tankinn.

Opið allan sólarhringinn, Háholti Mosfellsbæ, Hringbraut, Ártúnshöfða og Lækjargötu Hafnarfirði

Nesti

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

Höskuldur tekur sæti á lista VG

Steinþór Hróar Steinþórsson hefur dregið framboð sitt til baka af lista VG í Mosfellsbæ af persónulegum ástæðum.
Hann vinnur nú að þáttaröð sem sýnd verður á Stöð 2 nú í maí mánuði. „Þessa ákvörðun Steinþórs skiljum við fyllilega og óskum honum alls hins besta," segir Karl Tómasson oddviti Vinstri grænna. „Við munum vafalítið njóta krafta hans í komandi kosningum." Steinþór vildi sérstaklega þakka það traust sem honum var sýnt og sagðist vona að ungt fólk muni styðja flokkinn til góðra verka.
Í stað Steinþórs, kemur Höskuldur Þráinsson, prófessor og skipar hann 9. sæti listans.
Listinn var birtur í heild sinni í síðasta tölublaði Mosfellings.

Stefnuþing Samfylkingarinnar

Nýlega hélt Samfylkingin stefnuþing til undirbúnings kosningastefnuskrár fyrir komandi sveitarstjórnakosningar. Stefnuþingið fór þannig fram að þátttakendum var skipt upp í samræðuhópa um afmarkaða málaflokka. „Mikil og góð skoðanaskipti voru á stefnuþinginu og margar mjög góðar hugmyndir litu dagsins ljós.
Í framhaldinu hafa svo verið starfandi málefnahópar þar sem ítarlega er farið í einstök mál," segir Guðbjörn Sigvaldason formaður flokksins. Niðurstaða málefnavinnunnar mun svo birtast í stefnuskrá Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ.

Hilmar stofnaði hóp á Facebook sem skoraði á N1 að vera með sólarhringsopnun.

N1 stöðin í Háholti er nú opin allan sólahringinn

Áskorun á Facebook

Hilmar Þorbjörn Halldóruson stofnaði Facebook síðu í desember þar sem skorað var á stjórnendur N1 að vera með opið allan sólahringinn í Mosfellsbæ. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Fjöldi fólks skráði sig á síðuna og forstjóri N1 fylgdist með gangi mála.

„Ég bjóst aldrei við því að þeir myndu opna. Það er bara svo hentugt að hafa opið á næturna, ég er t.d. í næturvinnu. Svo er þetta mjög þægilegt um helgar. Ég er mjög sáttur við viðbrögðin hjá þeim, mér skilst að þeir ætli að prufa þetta í sex mánuði og sjá hvernig gengur", segir Hilmar.„Nú er verið að gantast í mér að stofna fleiri síður á Facebook, þetta greinilega virkar," segir Hilmar greinilega ánægður með árangurinn.

Hátt í 3000 manns skráðu sig á síðunni.

Góð hvatning og ábending

„Við vorum að skoða þetta með að lengja opnunartímann en endanleg ákvörðun var tekin þegar Facebook umræðan kom upp," segir Hermann Guðmundsson forstjóri N1 hf. Á síðunni þakkar hann fyrir hvatninguna. Að lokum skrifar hann: „Það er síðan alfarið í ykkar höndum að tryggja að það geti verið svona áfram."

Íslandsmót í skák fer fram í Lágafelli

Íslandsmótið í skák fer fram þessa daga í íþróttamiðstöðinni Lágafelli. Mótið er hluti af undirbúningi okkar bestu skákmanna fyrir Ólympíuskákmótið í Síberíu í haust. Á efri myndinni má sjá Harald Sverrisson bæjarstjóra leika fyrst leik mótsins. Aðstæður á skákstað eru til fyrirmyndar bæði fyrir keppendur og fyrir áhorfendur en skákirnar verða sýndar beint í skáksal sem og í hliðarsal þar sem hægt verður að ræða stöðurnar í ró og næði. Dagana 6.-9. apríl er skákvika í bænum í umsjón Skákskóla Íslands. Þá er kennd skák í stað íþrótta hjá öllum bekkjum grunnskólanna.

Listi Framsóknar samþykktur

Á félagsfundi Framsóknarfélaganna í Mosfellsbæ þann 31. mars var framboðslisti fyrir bæjarstjórnakosningarnar samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Efstu sex sætin eru samkvæmt bindandi niðurstöðu fyrsta prófkjörs framsóknarmanna í Mosfellsbæ. Næstu sæti eru samkvæmt niðurstöðu uppstillingarnefndar félagsins. Þröstur Karlsson atvinnurekandi og f.v. bæjarfulltrúi skipar heiðursæti listans. Alþingismennirnir Siv Friðleifsdóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson voru sérstakir gestir fundarins.

Listinn er þannig skipaður: 1. sæti Marteinn Magnússon, 2. sæti Bryndís Bjarnarson, 3. sæti Snorri Hreggviðsson, 4. sæti Björg Reehaug Jensdóttir, 5. sæti Linda Björk Stefánsdóttir, 6. sæti Sveinbjörn Ottesen, 7. sæti Ásta Björk Benediktsdóttir, 8. sæti Óli Kárason Tran, 9. sæti Guðni Þorbjörnsson, 10. sæti Vigdís Beck, 11. sæti Eggert Sólberg Jónsson, 12. sæti Kristbjörg Þórisdóttir, 13. sæti Níels U. Hauksson, 14. sæti Þröstur Karlsson.

ELDRI BORGARAR

Sumarferðin á Vestfirði!

Örfá sæti eru laus í þessa ferð 10.-12. júní. Komið verður m.a. á Látrabjarg, Rauðasand, Hnjót og Selárdal.
Sími á skrifstofu félagsstarfsins. er 5868014, opið frá kl. 13-16.

Þjóðleikhúsið!

Þriðjudaginn 27. apríl verður leikhúsferð á vegum félagsstarfsins á afmælissýningu Þjóðleikhússins, Íslandsklukkuna. Sýningin hefst kl. 13 og stendur til kl. 16.30. Veitingar verða í fyrra hléi og eru þær í boði hússins.
Miðasala hefst mánudaginn 12. apríl á skrifstofu Félagsstarfsins kl. 13-16, miðaverð er kr. 2.500. Lagt verður af stað frá Hlaðhömrum kl. 12.30.

Leirnámskeið

Byrjendanámskeið í leirgerð fyrir konur og karla. Kennt verður á þriðjudögum og föstudögum kl. 10:00-12:00 í 4 vikur. 4-5 í hóp. Fyrsti tíminn verður á þriðjudaginn 13. apríl.
Námskeiðið kostar 1500 kr. Innifalið í námskeiðagjaldi er 1 kg leir, brennsla og glerungur. Síðan er alltaf hægt að kaupa aukalega meiri leir sem kostar þá 1000 kr. (brennsla og glerungur innifalið). Kenndar verða ýmsar undirstöðuaðferðir fyrir leirgerð.

Upplýsingar og skráning eru á skrifstofu félagsstarfsins Eirhömrum kl. 13-16, símar 5868014 og í gsm. 6920814

KONUKVÖLD

Styrktartónleikar með Stebba og Eyfa

FÖSTUDAGINN 16. APRÍL, Í HRAUNHÚSI V/ VÖLUTEIG Í MOSFELLSBÆ

Tónleikarnir hefjast kl 21:00 og húsið opnar 20:00

Konur í Mosfellsbæ og nágrenni!

Í fyrsta sinn í Mosfellsbæ: Tónleikar með STEBBA OG EYFA til styrktar meistaraflokki KVENNA í knattspyrnu hjá Aftureldingu sem leikur í efstu deild.

Stebbi og Eyfi flytja öll sín bestu lög í bland við margar perlur dægurlagasögunnar; Nína, Álfheiður Björk, Undir þínum áhrifum, Ég lifi í draumi, Hjá þér, Góða ferð, Í fylgsnum hjartans, Líf o.m.fl.

UMFA

Í hléi verður samstarf Aftureldingar og Bleiku slaufunnar kynnt!
Einstakt tækifæri til að eiga skemmtilega kvöldstund með góðum vinkonum.
Aðgöngumiðinn gildir einnig sem happdrættismiði. Frábærir vinningar!
Geisladiskur eða mynddiskur frá þeim félögum fylgir aðgöngumiða á meðan birgðir endast!!!

RISTORANTE Caruso

Forsala aðgöngumiða er hafin í Hraunhúsum, miðaverð er 2.900 kr. og innifalið í miðaverði er happdrætti.

Geisla- eða mynddiskur fylgir með aðgöngumiða ásamt Brazilian Tan brúnkukreminu vinsæla!

Cafe Ki

Háholti 13 - 15

Rómantískir hamborgarar

Brjálaðar pizzur

Geggjaðar steikur

Austurlenskir réttir

Hunangsristaðir kjúklingastrimlar

Pönnusteikt fiskifille

Djúpsteiktur fiskur í orly

Pítur

Kjúklingaborgarar

Grísasamlokur

V

Hlaðborð af möm

Hægt er að panta hvaða mat sem er af matseðlinum og sækja (Take away)

Opið al
kl. 11:00
ne
Sunnudaga kl.

mumat í hádeginu

la daga
til 22:00
ma
12:00 til 22:00

Heimasíða okkar er
kaffikiddarot.is eða cafekiddarot.is

Pizza með hráskinku og rúkola

1 pizzubotn (heimatilbúinn eða deig úr bakarii)
3-4 msk Saclà Originale Napoletana sósa
1 pakki Fiorucci hráskinka
1 stk mozzarellaostur
handfylli rúkola (klettasalat)
ferskar parmesanflygsur

Fletjið út pizzadeigið og smyrjið með Saclà Originale Napoletana- sósunni. Kryddið með salti og pipar. Bakið við 225° C í 20-25 mín. Takið pizzu úr ofni og raðið hráskinkusneiðum ofan á, stráið rúkola þar yfir og að lokum parmesanflygsum (upplagt að nota kartöfluskrælhníf til að skera ostinn í flygsur).

SACLÀ ITALIA

Fiorucci

Eyfi, Erna og Halldóra við undirbúning konukvölds í Hraunhúsum.

Stebbi og Eyfi leika sín þekktustu lög á konukvöldi

Styrktartónleikar fyrir fótboltastelpurnar

Hinir landskunnu Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson, Stebbi og Eyfi, verða með tónleika í fyrsta sinn í Mosfellsbæ föstudaginn 16. apríl í nýjum og skemmtilegum sal í Hraunhúsum við Völuteig. Tónleikarnir eru tónleikar til styrktar meistaraflokki kvenna í knattspyrnu hjá Aftureldingu en liðið leikur í efstu deild, Pepsideildinni.

„Við Eyfi eru gamlir félagar úr Kerlingarfjöllunum og hugmyndin að tónleikunum kom í spjalli okkar á milli, segir Halldóra Björnsdóttir fótboltamamma sem stendur fyrir tónleikunum ásamt Ernu Reynisdóttur annarri fótboltamömmu. „Við fengum til liðs við okkur þær kjarnakonur sem standa fyrir hópnum Konur í Mosfellsbæ á Facebook og hafa þær verið duglegar að kynna viðburðinn."

Þeir félagar Stebbi og Eyfi munu leika öll sín þekktustu lög. Í hléi verður síðan samstarf Aftureldingar og Bleiku slaufunnar kynnt

Þetta er einstakt tækifæri til að eiga skemmtilega kvöldstund með góðum vinkonum og hlusta á góða tónlist og styrkja um leið gott málefni. „Hvað konur vilja ekki hlusta á Stebba og Eyfa?" segja þær stöllur Erna og Halldóra og hlæja dátt. Forsala aðgöngumiða er hafin í Hraunhúsum og kostar miðinn 2.900 kr. og glaðningur fylgir.

Hekla er nýjasti meðlimur Kjósarsýsludeildar

Ferfættur heimsóknarvinur

Nú er Kjósarsýsludeild Rauða kross Íslands komin með sinn fyrsta heimsóknarvin með hund. Tíkin Hekla og eigandi hennar heimsækja reglulega ungan mann hér í Mosfellsbæ og er hverrar heimsóknar beðið með mikilli eftirvæntingu. Hekla skemmtir sér einnig hið besta í heimsóknunum og nýtur þess að vera miðpunktur athyglinnar.

Þó nokkur undirbúningur liggur að baki hundaheimsókna. Eigendur hundanna láta skoða hundinn til að ganga úr skugga um að hann henti í verkefnið. Standist hundurinn matið þarf eigandinn að ljúka þriggja tíma námskeiði fyrir almenna heimsóknarvini og klukkutíma námskeiði sem er sér sniðið að hundaheimsóknum. Síðan er fundinn gestgjafi sem vill fá heimsókn.

Heimsóknavinir eru sjálfboðaliðar sem heimsækja gestgjafa sína reglulega. Markmið heimsóknanna er að rjúfa félagslega einangrun og sýna vináttu.

BÖRN OG UMHVERFI

„Börn og umhverfi" er námskeið fyrir börn fædd 1998 og fyrr sem gæta yngri barna. Farið verður í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Einnig er lögð áhersla á slysavarnir og algengar slysahættur í umhverfinu.

Námskeiðið verður haldið í Þverholti 7 dagana 3., 4., 10. og 11. maí kl. 17-20 og er þátttakendum að kostnaðarlausu. Skráningargjald er 1000 kr. sem er óafturkræfanlegt.

Upplýsingar og skráning á síðunni www.redcross.is/kjos og í netfangi kjos@redcross.is.

Rauði kross Íslands
Kjósarsýsludeild

Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla, hjólhýsa, fellihýsa, pallhýsa o.þ.h. á skrá.

Skráið bílinn **frítt** hjá okkur. Endilega komið þið til okkar og við skráum bílinn eða sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is og í síma 5179999, 100bílar.is,

BÍLAR VIKUNNAR

www.isband.is
www.100bilar.is

Dodge DAKODA ST 4X2 Nýr bíll, sjálfsk, til í nokkrum litum og tveimur stærðum, Geislaspilari, Tengi fyrir MP3/iPOD, Loftkæling, Verð frá aðeins **1999 þús. kr án VSK.**

ÍSBAND BÍLAINNFLUTNINGUR

ÍSLENSK-BANDARÍSKA | ÞVERHOLTI 6 | SÍMI 534 4433 | ISBAND@ISBAND.IS

Bmw X5 4,4i, árg. 10/04, ek. aðeins 64 þús, sjálfsk, 320 hö, umboðsbíll, einn eigandi, einn sá allra flottasti! Sjón er sögu ríkari. **Ásett verð 5490 þús. kr! ER Á STAÐNUM.**

100bilar

100 BÍLAR | ÞVERHOLTI 6 | SÍMI 517 9999 | 100BILAR@100BILAR.IS

BESTI FISKUR Í HEIMI

Fiskbúðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís) *Sími: 578-6699*

OPIÐ:
MÁN-FIM 10-19
FÖS 11:30-19

Verslum í heimabyggð

Gjöf til leik- og grunnskóla

Guðrún Sigursteinsdóttir sérkennsluráðgjafi og fyrrum leiksskólastjóri Birkibæjar við Reykjalund hefur búið til og hannað málörvunar- og lestrarspil. Spilið er sérstaklega ætlað börnum sem eru að byrja að læra að lesa og börnum sem eiga í erfiðleikum með að tengja hljóð við staf. Vegna tengsla sinna við Mosfellsbæ og hlýhugar til skóla bæjarins færði Guðrún leik- og grunnskólunum í Mosfellsbæ spilið að gjöf. Um er að ræða góða viðbót við annað málörvunarefni sem skólarnir búa yfir.

Vel heppnað línudansmót að Varmá

Fyrsta línudansmót UMSK fyrir 50+ var haldið í Mosfellsbæ á dögunum. Um 120 manns tóku þátt í mótinu í níu hópum. Mikil og almenn ánægja var með mótið sem tókst frábærlega vel og verður haldið árlega eftir þetta. Keppnin var hörð og hóparnir sýndu glæsilega dansa en svo fór að lokum að Kátir félagar frá Akranesi sigruðu á mótinu.

Hætt við gjaldtöku fyrir garðúrgang

Stjórn SORPU hefur ákveðið að fresta áður ákveðinni gjaldtöku á garðaúrgangi. Einnig var ákveðið að leita leiða til lækkunar kostnaðar við rekstur endurvinnslustöðvanna og að íbúum höfuðborgarsvæðisins verði kynntar aðferðir til að draga úr umfangi garðaúrgangs. Endurvinnslustöðvar SORPU taka við garðaúrgangi frá einstaklingum höfuðborgarsvæðisins þeim að kostnaðarlausu, hámarks stærð farms 2m3. Stærri förmum er beint í móttökustöðina í Gufunesi þar sem greitt er samkvæmt gjaldskrá.

Hraustir menn úr Karlakórnum Stefni taka lagið en kórinn fagnaði 70 ára afmæli á dögunum.

Átta kórar úr Mosfellsbæ héldu saman tónleika í Kjarnanum 21. mars

Kórarnir blómstra

Einstakt sönglíf ríkir í Mosfellsbæ og fá sveitarfélög geta státað af jafn ríkri kórastarfsemi. Átta kórar leiddu saman hesta sína á glæsilegum tónleikum í Kjarna. Kórarnir voru Álafosskórinn, Barnakór yngri deildar Lágafells- og Varmárskóla, Kammerkór Mosfellsbæjar, Karlakór Kjalnesinga, Mosfellskórinn, Skólakór Varmárskóla og Karlakórinn Stefnir og Vorboðarnir.

Fjölmenni sótti tónleikana í Kjarnanum.

Söngur um lífið, Mosfellskórinn tekur lagið.

Litríkur stjórnandi Stefnis, Gunnar Ben.

Nemendur í Myndlistarskóla Mosfellsbæjar opna sýningu á sumardaginn fyrsta

Nemendasýning fullorðinna

Á sumardaginn fyrsta verður opnuð myndlistarsýning í Hraunhúsum. Það eru nemendur í hópum fullorðinna í Myndlistarskóla Mosfellsbæjar sem sýna verk sín. Myndlistarskólinn fagnaði 10 ára afmæli sínu á síðasta ári og á þeim áratug, sem hann hefur starfað, hafa fjölmargir stundað þar myndlistarnám bæði börn og fullorðnir. Skólastjórinn, Ásdís Sigurþórsdóttir, kennir barna- og unglingahópum en hún hefur einstakt lag á að ná til unga fólksins og virkja áhuga þess og sköpunargleði.

Nemendur í byrjendahópum fást við grundvallaratriði eins og lita- og formfræði með tengingu í listasöguna í formi fyrirlestra og lengra komnir læra notkun olíulita og íblöndunarefna og fást við margvísleg verkefni. Markmiðið er að nemendurnir geti þróað hugmynd og útfært í málverk en einnig þroskað með sér sjálfstæði í vinnubrögðum. Þá er einnig lögð áhersla á að nemendur öðlist meiri skilning og þekkingu til að njóta myndlistar.

Nemendur að störfum í Myndlistaskóla Mosfellsbæjar

Á sýningunni munu allir eiga verk sem valin verða til sýningarinnar af kennurum skólans. Sýningin verður opnuð á sumardaginn fyrsta, 22. apríl kl. 15 og verður opin til og með sunnudeginum 2. maí.

Hraunhús er frumkvöðla- og sprotahús að Völuteigi 6 í Mosfellsbæ en þar er einnig rekin hönnunarverslun og kaffihús. Helgina 24.–25. apríl verður þar einnig handverksmarkaður og 25. apríl kl. 15 munu kennarar verða með leiðsögn um sýninguna.

Leikhópurinn að lokinni æfingu fyrir vordagskrá.

Leikfélag Mosfellssveitar frumsýna í kvöld, 9. apríl

Glefsur hjá Leikfélaginu

Nú er æfingum að ljúka á vordagskrá Leikfélagsins. Um er að ræða ellefu einþáttunga sem félagsmenn sjálfir hafa skrifað. Efni leikritanna er fjölbreytt og spannar allt frá léttu gríni til djúpra meininga. Samnefnari einþáttunganna er að þeir glefsa í áhorfandann og skilja oftar en ekki eftir spurningar frekar en svör. Uppfærslan nefnist Glefsur en höfundar eru þau María Guðmundsdóttir og Pétur R. Pétursson. Leikstjórar eru þær Bóel Hallgrímsdóttir, Guðný María Jónsdóttir og Ólöf A. Þórðardóttir. Glefsur verða frumsýndar föstudaginn 9. apríl kl. 20 í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ. Sýningar verða síðan á sunnudögum eftir það. Hægt er að panta miða í síma 566 7788.

Árshátíð Lágafellsskóla

Árshátíð elsta stigs Lágafellsskóla var haldin á dögunum. Nemendur mættu í sínu fínasta pússi og skemmtu sér konunglega. Kokkarnir Óli og Haukur buðu upp á kjúklingabringur í aðalrétt og súkkulaðiköku í eftirrétt. Kennarar þjónuðu nemendum til borðs við góðar undirtektir.

Í næsta blaði verður umfjöllun um þemadaga í Lágafellsskóla frá krökkunum.

Tannlæknastofa Ragnars Kr. Árnasonar

Hef opnað nýja og glæsilega tannlæknastofu að Háholti 14, 2. hæð

- Áður Tannlæknastofa Kópavogs
- Sveigjanlegur opnunartími
- Ragnar Kr. Árnason, tannlæknir

Háholti 14 • Mosfellsbæ • Sími 554-2515

Birgir Haraldsson söngvari heldur ásamt félögum sínum í Gildrunni stórtónleika í Hlégarði þann 1. maí í tilefni af þrjátíu ára samstarfi þeirra.

Lagasmíði heillar mest



Synir Birgis: Ómar Freyr, Þóhallur Ævar, Herberg Hafsteinn. Fyrir framan eru Guðbjörn Smári og Birgir Örn.

Birgir á engan sinn líkan, hann er ekki einungis stórkostlegur rokksöngvari heldur er hann einnig ein besta manneskja sem ég hef nokkru sinni kynnst. Skemmtilegur, heiðarlegur og laus við alla tilgerð," segir Karl Tómasson góðvinur Birgis og samstarfsfélagi til margra ára er ég bið hann um að lýsa Birgi í stuttu máli. Þessa dagana eru þeir félagar í Gildrunni að undirbúa stórtónleika og það er alveg ljóst að þar verður ekkert til sparað.

„Foreldrar mínir voru að koma úr ferðalagi og á leið heim til Keflavíkur þegar ég vildi ólmur komast í heiminn. Þau komust ekki lengra en inn í Hafnarfjörð því ég fæddist þar á Sólvangi 20. ágúst árið 1958.

Í Keflavík bjuggum við í nokkur ár. Einn daginn var Ólafur bróðir minn að passa mig og við fórum út á róló. Í þá daga voru rólurnar með planka eða spítu. Ég hleyp til hans þar sem hann var að róla hátt og hratt og það skipti engum togum að ég fékk róluna beint í andlitið og flaug upp í loftið. Nefið á mér mölbrotnaði og varð svo flatt að það var eins og á versta boxara," segir Birgir er hann rifjar þetta upp.

Systkinahópurinn stór

Birgir er sonur hjónanna Haralds Sigurðssonar bónda og Guðrúnar Sigurðardóttur. Systkini hans eru Guðbjörn fæddur 1952, látin 1966, Ólafur fæddur 1954, Sigurdór fæddur 1956, Eygló fædd 1957, Haraldur fæddur 1961, Ellert fæddur 1962 og Guðbjörg fædd 1970.

Sambýliskona Birgis er Hrefna Vestmann. Birgir á fimm syni frá fyrri samböndum þá Herberg Hafstein, Þórhall Ævar, Ómar Frey, Birgi Örn og Guðbjörn Smára. Fósturbörn hans og börn Hrefnu eru þau Eyþór og Þórey Lind.

Hljóp heim á sokkaleistunum

„Fjölskyldan ákvað síðan að flytja búferlum upp í sveit eða í Gaul-

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

verjabæjarhrepp. Þar vorum við með beljur, kindur og hesta og þar hjálpaði maður til við búskapinn. Fyrstu skóladagarnir voru mér minnisstæðir, á þriðja degi var ég að leika við stelpu sem var frekar hávaxin en ég var nú ekki hár í loftinu. Allt í einu reyndi hún að kyssa mig og ég varð svo skíthrædd-ur að ég hljóp alla leiðina heim á sokkaleistunum eftir malarvegi, heila sex kílómetra," segir Birgir og skellihlær að minningunni.

Biggi ásamt sambýliskonu sinni, Hrefnu Vestmann hárgreiðslumeistara.

Flutti til Svíþjóðar

„Árið 1970 fluttumst við til Svíþjóðar og bjuggum þar í þrjú ár. Þar gekk ég í skóla og var pínu villingur sem kom kannski í kjölfarið á því að það var alltaf verið að stríða mér út af nefinu. Málið var að það var ekki hægt að laga nefið fyrr en ég var orðin 17 ára. Við fluttum síðan aftur heim og þá í Biskupstungurnar."

Byrjaði sem pokarotta

„Árið 1975 flutti ég suður til Reykjavíkur og fékk vinnu í Álafossi. Ég byrjaði sem pokarotta en það voru þeir kallaðir sem tróðu í poka frá hespukonunum. Ég flyt síðan í Mosfellssveitina árið 1978 og hef búið hér síðan. Ullarvinnslan í Mosfellsbæ hefur staðið samfleytt frá árinu 1896, fyrst undir nafni Álafoss, en Ístex tók síðan við starfsseminni árið 1991 og þar starfa ég í dag."

Stofnuðu hljómsveit

„Haustið 1979 kynnumst við fyrst strákarnir í Gildrunni og stofnuðum okkar fyrstu hljómsveit sem við kölluðum Sextett Bigga Haralds. Í henni voru Karl Tómasson, Þórhallur Árnason, Hjalti Úrsus Árnason, Hákon Möller, Heimir Sigurðsson og ég. Með tímanum urðu nokkrar mannabreytingar og nöfnin á hljómsveitinni breyttust.

Árið 1985 stofnuðu ég, Þórhallur og Kalli síðan hljómsveitina Gildruna. Tveimur árum síðar gáfum við út okkar fyrstu plötu. Síðar bættist í hópinn gítarleikarinn Guðlaugur Falk og lék hann með okkur inn á eina plötu, en frá 1989 hefur gítarleikarinn Sigurgeir Sigmundsson leikið með okkur. Árið 1994 stofnuðum við Kalli hljómsveitina 66. Við spiluðum mikið saman í tvö ár og gáfum út tvær plötur. Ég er enn með hljómsveitina en með mér starfa í dag þeir Kristófer Máni Hraundal, Friðrik Halldórsson og Sigurður Hannesson.

Tjáir sig í gegnum lögin

Fyrsta platan af ellefu sem Birgir hefur gefið út kom út 1987 með Gildrunni. Hann hefur gefið út á annað hundrað lög en hefur ekki tölu á þeim lögum sem hann hefur samið. „Já, lagasmíðar eiga best við mig," segir Birgir, „ég glamra á gítarinn í tíma og ótíma. Ég er ekki mikið fyrir að tjá mig í orðum en á gott með að gera það í gegnum lögin." Birgir hefur tekið að sér ýmis verkefni í gegnum tíðina. Hann samdi baráttulag Aftureldingar ásamt Karli vini sínum. Fimm lög samdi hann við leikritið Mjallhvíti sem Leikfélag Mosfellsbæjar sýndi auk þess sem hann samdi kærleikslagið í tilefni af kærleiksviku sem haldin var í Mosfellsbæ í febrúar s.l.

Stórtónleikar í Hlégarði

Eins og áður hefur komið fram mun Gildran halda stórtónleika í Hlégarði. Að sögn Birgis mun hljómsveitin leggja allt í sölurnar til að gera tónleikana að ógleymanlegum viðburði. Þeir ætla að flytja öll sín bestu lög og hafa alla umgjörð sem glæsilegasta. Þetta er sannarlega viðburður sem tónlistarunnendur ættu ekki láta fram hjá sér fara.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.

Ungir Mosfellingar

mætið á kosningaskrifstofu Sjálfstæðisflokksins
í Háholti (við hlið Krónunnar)
fimmtudaginn 15. apríl klukkan 20:30
og hafið áhrif á framtíð bæjarfélagsins ykkar.

Ungir Mosfellingar munu hittast þar og koma með tillögur að því hvernig skuli bæta Mosfellsbæ.

EKKI LIGGJA HEIMA Í LETI
Breyttu bænum til framtíðar, hafðu áhrif!

OPIÐ Í HÚS Í ÞVERHOLTI

Sjálfboðamiðstöðin Þverholti 7 er opin alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 10-13. Alltaf heitt á könnunni, nettengdar tölvur og fjölbreyttir ókeypis viðburðir í boði.

Allir velkomnir. Nánari upplýsingar á síðunni www.redcross.is/kjos og síma 898-6065.

Næstu viðburðir á opnu húsi eru:

Þriðjudagur 13. apríl: Heilsufæði – Kynning á heilsufæði víða að úr heiminum, hráfæði, smakk! Kl. 11.

Fimmtudagur 15. apríl: Ísgerð heima – Bragðgott og hressandi. Nýstárlegar aðferðir við að búa til gómsætan ís. Kl. 11. Öndun og slökun – Art of living. Æfingar sem auka orku og einbeitingu. Kl. 12:30.

Þriðjudaginn 20. apríl:
Ræktun kryddjurta – Leiðbeiningar um ræktun kryddjurta. Allir sá í pott og taka með sér heim. Kl. 11.

Þriðjudagur 27. apríl:
Spænska – Viltu æfa þig að tala spænsku? Kl. 11.

Fimmtudagur 29. apríl: Qui - Gong – Æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Umsjón: Viðar H. Eiríksson, Qui – Gong iðkandi. Kl. 11. Öndun og slökun – Art of Living. Æfingar sem auka orku og einbeitingu. Kl. 12:30.

Rauði kross Íslands
Kjósarsýsludeild

Matráður 50% starf

Laus er til umsóknar 50% staða matráðs á bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar.
Um er að ræða tímabundna ráðningu í 6 mánuði.

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar eru staðsettar í Kjarna að Þverholti 2 og þar starfa að jafnaði um 40 manns. Bæjarskrifstofan býður upp á hvetjandi starfsumhverfi og setur sér það markmið að vera eftirsóknarverður og aðlaðandi vinnustaður þar sem atvinna og fjölskylduábyrgð fara vel saman.

Helstu verkefni
Matráður sér um að sækja tilbúinn mat í hádeginu og afgreiða hann til starfsmanna á bæjarskrifstofu. Matráður annast meðal annars innkaup á rekstrarvörum, sér um eftirlit og þrif í eldhúsi og hefur umsjón með vatns- og kaffivélum.

Matráður tilheyrir Þjónustuveri Mosfellsbæjar og heyrir undir þjónustustjóra.

Hæfnikröfur:
- Framúskarandi þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og samviskusemi
- Bílpróf og bíll til umráða

Umsóknarfrestur er til 21. apríl 2010.

Umsóknir sem greina frá reynslu og fyrri störfum skulu berast á netfangið sigriduri@mos.is.
Einnig má skila skriflegum umsóknum í Þjónustuver Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Indriðadóttir, mannauðsstjóri í síma 525 6700.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Mosfellsbæjar.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA
MOSFELLSBÆR

Í MOSFELLSBÆ
MENNINGARVOR

STUND OG STAÐUR	VIÐBURÐUR	
Sunnudagskvöld 11. apríl kl. 20.00 Bæjarleikhúsi	**Frumsýning á Glefsum**	Leikfélag Mosfellssveitar sýnir uppfærslu sem nefnist Glefsur. Um er að ræða ellefu einþáttunga sem félagsmenn sjálfir hafa skrifað. Efni leikritanna er fjölbreytt og spannar allt frá léttu gríni til djúpra meininga. Samnefnari einþáttunganna er að þeir glefsa í áhorfandann og skilja oftar en ekki eftir spurningar frekar en svör. Höfundar eru þeir María Guðmundsdóttir og Pétur R. Pétursson. Leikstjórar eru þær Bóel Hallgrímsdóttir, Guðný María Jónsdóttir og Ólöf A. Þórðardóttir. Miðapantanir í síma 566 7788.
Þriðjudagskvöld 13. apríl kl. 20-21.30 Bókasafni	**Vorið í tali og tónum**	**Lesarar:** Svanhildur Óskarsdóttir og Guðmundur Snorri Sigurðarson. **Flytjendur tónlistar:** Anna Guðný Guðmundsdóttir, Judith Þorbergsson Kristjana Helgadóttir, Sigurður Ingvi Snorrason, Þorkell Jóelsson
Fimmtudagskvöld 15. apríl kl. 20-21.30 Álafossvegi 31, Álafosskvos	**Vor í Álafosskvos**	Myndlistarkonan Hildur Margrétardóttir opnar vinnustofu sína í Álafosskvosinni. Ungir, mosfellskir tónlistarmenn flytja tónlist.
Sunnudagskvöld 18. apríl kl. 20.00 Bæjarleikhúsi	**Glefsur**	Leikfélag Mosfellssveitar sýnir uppfærslu sem nefnist Glefsur.
Þriðjudagskvöld 20. apríl kl. 20.00 Bókasafni	**Ást og rómantík**	Tindatríóið, sem samanstendur af Atla Guðlaugssyni, Bjarna Atlasyni og Guðlaugi Atlasyni, ásamt Sveini Arnari Sæmundssyni pianóleikara flytja lög á rómantísku nótunum. Félagar í Leikfélagi Mosfellssveitar flétta inn í það rómantískum þáttum úr nýrri sýningu félagsins. Séra Bjarni Karlsson fjallar um ást og rómantík á sinn einstaka hátt.
Sunnudagskvöld 25. apríl kl. 20.00 Bæjarleikhúsi	**Glefsur**	Leikfélag Mosfellssveitar sýnir uppfærslu sem nefnist Glefsur.
Sunnudagskvöld 25. apríl kl. 20-21.30 Lágafellskirkju	**Orgelvor í Lágafellskirkju**	Mosfellingurinn og organistinn Douglas Brotchie flytur gamla og nýja orgeltónlist. Douglas er þekktur fyrir að fara ótroðnar leiðir í leit að áhugaverðu efni á tónleikadagskrá. Hann mun leika mjög áhugaverða tónlist, en nánast óþekkta, eftir Þjóðverjana Johann Pachelbel, Johann Kerll, Georg Muffat og Georg Kauffmann. Leiknir verða nokkrir stuttir en litríkir þættir eftir J S Bach og loks verða flutt íslensk tónverk eftir þá Jón Þórarinsson og Jón Nordal.
Þriðjudagskvöld 27. apríl kl. 20-21.30 Bókasafni	**Ungir vortónar**	Greta Salóme Stefánsdóttir fiðluleikari flytur fjölbreytta og skemmtilega tónlist ásamt góðum gestum á borð við Ólaf Arnalds.

MOSFELLSBÆR

11. apríl- 9. maí 2010

Menningarvor í Mosfellsbæ verður nú haldið í annað sinn. Að þessu sinni verða fjölbreyttir menningarviðburðir haldnir um allan bæ. Hvert þriðjudagskvöld verður metnaðarfull tónlistar- og menningardagskrá í Bókasafni Mosfellsbæjar og á hverju fimmtudagskvöldi munu myndlistarmenn opna vinnustofur sínar þar sem mosfellskir tónlistarmenn flytja tónlist.

Menningarvorið hefst með frumsýningu á frumsömdu verki Leikfélags Mosfellssveitar og lýkur með fyrstu stuttmyndahátíð Mosfellsbæjar sem haldin verður í Hraunhúsum ofan Álafosskvosar.

Starfsmenn menningarsviðs Mosfellsbæjar hafa unnið að skipulagningu Menningarvors í samvinnu við listamenn í Mosfellsbæ og færir þeim miklar þakkir fyrir jákvæðar undirtektir sem og framlag sitt.

Ókeypis aðgangur er á alla viðburði Menningarvors að undanskildum leiksýningum Leikfélagsins og tónleikum Kammerkórsins þar sem aðgangseyrir er kr. 1.500

STUND OG STAÐUR	VIÐBURÐUR	
Fimmtudagskvöld 29. apríl kl. 20-21.30 Hulduhólum	**Vor á Hulduhólum**	Myndlistarkonan Steinunn Marteinsdóttir opnar vinnustofu sína að Hulduhólum. Reynir Sigurðsson flytur vortónlist.
Sunnudaginn 2. maí kl. 16-18.00 Torgi, Kjarna	**Ástaróður**	Vortónleikar Kammerkórs Mosfellsbæjar. Á efnisskránni verður lögð áhersla á ástarsöngva frá ýmsum löndum og tímabilum. Fjölbreytt efnisskrá með söngverkum allt frá endurreisn fram til dagsins í dag. Flutt verða m.a. verk eftir Bítlana, Leonard Cohen, Gunnar Reyni Sveinsson, F. Pilkington, A. Vivaldi, gospellög og margt fleira. Einsöngvarar úr röðum kórsins syngja. Stjórnandi kórsins er Símon H. Ívarsson og meðleikari er Arnhildur Valgarðsdóttir.
Sunnudagskvöld 2. maí kl. 20.00 Bæjarleikhúsi	**Glefsur**	Leikfélag Mosfellssveitar sýnir uppfærslu sem nefnist Glefsur.
Þriðjudagskvöld 4. maí kl. 20-21.30 Bókasafni	**Le pays du fromage en musique et paroles**	Land osta í tali og tónum. Gestum verður boðið upp á franska tónlist, franska gourmet osta og frásögn af Frakklandsdvöl. Þau Kristjana Helgadóttir og Jón Guðmundsson flautuleikarar og Arnhildur Valgarðsdóttir píanóleikari, kennarar við Listaskóla Mosfellsbæjar, munu flytja heillandi franska tónlist fyrir flautu og píanó og Ásbjörg Jónsdóttir nemi við Listaskóla Mosfellsbæjar spjallar um dvöl sína í Frakklandi og syngur nokkur lög. Ostabúðin á Skólavörðustíg mun kitla bragðlauka gesta og kynna sínar frönsku eðalvörur.
Fimmtudagskvöld 6. maí kl. 20.00 Svöluhöfða 12	**Vor í Svöluhöfða**	Hjónin Inga Elín myndlistarkona og Þórarinn Sigurbergsson tónlistarmaður bjóða gestum heim. Inga Elín opnar vinnustofu sína og Þórarinn heldur tónleika ásamt Signýju Sæmundsdóttur söngkonu. Þau flytja enska, íslenska og spænska tónlist fyrir söng og gítar frá ólíkum tímum. Meðal annars verður flutt verk eftir Oliver Kentish við eina af sonnettum Shakespeares, sem jafnframt verður lesin upp á ensku og íslensku. Önnur verk sem flutt verða eru m.a. eftir John Duarte og Joaquin Rodrigo.
Laugardag og sunnudag 8. og 9. maí Hraunhúsum Völuteigi 6	**Stuttmyndadagar í Mosfellsbæ**	Nú í vor verða haldnir í fyrsta skipti stuttmyndadagar í Mosfellsbæ og gefst Mosfellingum þar tækifæri til að sýna stuttmyndir sínar opinberlega. Veitt verða verðlaun fyrir bestu stuttmyndina á hátíðinni. Hönnuður úr Mosfellsbæ mun smíða og hanna verðlaunagripinn sem verður vandaður farandbikar. Algengt er að kvikmyndagerðamenn hefji feril sinn á stuttmyndum og er því aldrei að vita nema kvikmyndagerðarstjarna framtíðarinnar leynist í Mosfellsbæ. Nokkrir Mosfellingar hafa náð mjög langt í kvikmyndabransanum og má þar nefna Guðnýju Halldórsdóttur, Ragnar Bragason og Robert Douglas. Öllum myndum skal skilað inn á DVD formi og senda á Stuttmyndadagar Mosó Bjargartanga 4, 270 Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar fást í síma 662 6122 eða í gegnum netfangið gsvansson@hotmail.com

Nánari upplýsingar má finna á www.mos.is/menningarvor

Jón Sigurðsson í Listasalnum

Nú stendur yfir sýning Bergþórs Morthens, Jón Sigurðsson, í Listasal Mosfellsbæjar. Verkin eru tjáningarrík (e. expressív) portrett sem skírskota til atburða, persóna og aðstæðna í samtíma okkar, eins og nútímasamskipta, þjóðerniskenndar, sjálfstæðis og hetjudýrkunar. Verkin eru unnin með blandaðri tækni á striga og er Bergþór ófeiminn við að blanda saman ólíkum efnum. Sýningin er opin á afgreiðslutíma Bókasafns Mosfellsbæjar og er aðgangur ókeypis. Bergþór Morthens (f. 1979) útskrifaðist frá Myndlistaskólanum á Akureyri árið 2004 og hefur síðan unnið ötullega að list sinni og haldið bæði einka- og samsýningar.

Lið Varmárskóla ásamt Þórhildi Elfarsdóttur skólastjóra.

Myndir/Kristín Ásta

Brynhildur Sigurðardóttir úr Varmárskóla í 1. sæti

Varmárskóli sigraði Stóru upplestrarkeppnina

Úrslitakvöld Stóru upplestrarkeppninnar var haldið þann 18. mars. Keppendur lásu upp fyrirfram ákveðinn texta eftir rithöfundinn Ármann Kr. Einarsson og ljóð eftir Þorstein frá Hamri. Einnig lásu þau ljóð að eigin vali.
Í 1. sæti lenti Brynhildur Sigurðardóttir úr Varmárskóla, í 2. sæti Birta Karen Gunnlaugsdóttir úr Varmárskóla og 3. sæti Ari Páll Karlsson úr Lágafellsskóla

Lið Lágafellsskóla í upplestrarkeppninni.

Björgunarsveitin í útkalli á Fjallabaki

Hópur frá Kyndli tók þátt í leit að þremur ferðamönnum í nágrenni við Einhyrning í Fljótshlíð og á Fjallabaki í vikunni. Fimm sleðamenn og tveir menn á jeppa leituðu við erfiðar aðstæður að karlmanni og tveimur konum sem fóru á jepplingi að skoða eldgosið á Fimmvörðuhálsi. Önnur konan fannst á lífi en köld og hrakin fljótlega eftir að leit hófst en karlmaðurinn og hin konan fundust látin nokkru síðar, konan nálægt bíl ferðalanganna við Bláfjallakvísl og maðurinn við Hattafell. Alls tóku um 270 björgunarsveitarmenn þátt í leitinni. Leitarsvæðið náði frá Fljótshlíð að Mýrdalssandi og nokkuð upp á Fjallabak.

Hjá KRISSA

Bifreiða og hjólbarðaþjónusta

Framkvæmi allar almennar bílaviðgerðir m.a. umfelganir, viðgerðir á bremsum, dempurum, tímareimum og skipti á kúplingum. Einnig útvega ég allar stærðir af dekkjum. Er lærður bifvélavirki og staðsettur að Kistumel 10. Opnunartími milli 18-20 á virkum dögum og á laugardögum eftir samkomulagi. Allar nánari upplýsingar í síma 893-5777 eða hjakrissa@simnet.is

Verð á umfelgun:

Fólksbílar stálfelgur til og með 16”.... **kr. 4.000**
Fólksbílar álfelgur til og með 16”..... **kr. 5.000**
Jeppar 31”-35”..... **kr. 8.000**

Verið velkomin,
Krissi

Bæjarfulltrúar gæða sér á hamborgara á Cafe Kidda Rót.

Bæjarstjórnin smakkaði fyrstu hamborgarana

Rómantískir hamborgarar

Glæsilegur veitingastaður, Cafe Kidda Rót, opnaði á dögunum í Háholti. „Viðbrögðin hafa verið frábær,“ segir Kiddi en hann bauð bæjarstjórn Mosfellsbæjar upp á rómasntíska hamborgara í tilefni opnunarinnar.

Starfsfólk veitingastaðarins til þjónustu reiðubúið.

Menningarvika
leikskóla Mosfellsbæjar

13.-16. apríl

Hin árlega Menningarvika leikskóla Mosfellsbæjar verður dagana 13.-16. apríl í Kjarnanum. Öll börn í leikskólunum vinna listaverk sem verða til sýnis. Börn af leikskólunum mæta í Kjarna, skoða sýninguna og syngja fyrir gesti og gangandi.

Dagskrá:

13. apríl Sýningin opin fyrir almenning og börn fædd 2006 og 07, syngja kl. 10:40

14. apríl Sýningin opin fyrir almenning og börn fædd 2005, syngja kl. 10:40

15. apríl Sýningin opin fyrir almenning

16. apríl Sýningin opin fyrir almenning og börn fædd 2004, syngja kl. 14:00 við undirleik frá nemendum úr Listaskóla Mosfellsbæjar

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR

3. flokkur kvenna, sveittar og sælar eftir sigur á Val.

Margar efnilegar stelpur ganga upp í meistaraflokk

Samstarf skilar árangri

Í fyrra sameinaðist 3. flokkur kvenna hjá Aftureldingu og Fjölni. Óhætt er að segja að það hafi komið vel út fyrir bæði liðin. Hópurinn hefur smollið saman, bæði innan vallar sem utan. Í haust var sett það markmið að vinna 2. deildina. Smá hnökrar voru á spilamennskunni fyrir áramót og töpuðust þá nokkrir mikilvægir leikir. Mikill stígandi hefur verið seinni hluta Íslandsmótsins. Allir leikir síðan 19. jan hafa unnist, og það margir hverjir mjög stórt. Síðasta leik mótsins spiluðu stelpurnar á dögunum og sigruðu þá viðureign. Því lenda þær í 2. sæti í 2. deild og munu spila við 7. sæti í fyrstu deild í maí. Sigurvegari úr þeirri viðureign spilar í átta liða úrslitum um Íslandsmeistaratitil.

Á næsta ári ganga sjö leikmenn upp í meistaraflokk. Nú þegar er einnig samstarf milli meistaraflokkanna í Fjölni og Aftureldingu og vonandi verður sami háttur á á næsta tímabili, bæði í 3. flokki sem og í meistaraflokki.

World Class í Mosfellsbæ

Námskeið hefjast 12. apríl

Mömmutímar og Súperform

Skráning er hafin

Mosóskokk hefst 13. apríl

Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17:30
og laugardaga kl. 09:30
Þjálfari:
Halla Karen

World Class ICELAND
Sjá nánar á worldclass.is

Barátta að Varmá. Afturelding leikur gegn ÍBV í umspili um laust sæti í efstu deild.

Mynd/Una Sigurðardóttir

Afturelding lenti í 2. sæti í 1. deild á miðvikudag

Strákarnir í umspil

Úrslitaleikur 1. deildar í handknattleik fór fram á Selfossi í vikunni. Strákarnir í Aftureldingu byrjuðu leikinn mjög vel og komust í stöðuna 8-13 þegar 20 mínútur voru liðnar af fyrri hálfleik. Selfyssingar náðu að jafna í 14-14 á lokasekúndunum fyrir leikhlé. Þegar 10 mínútur voru liðnar af seinni hálfleik var staðan 18-18 og þá sigu Selfyssingar framúr með þremur mörkum í röð 21-18. Eftir það höfðu andstæðingarnir betur það sem eftir lifði og endaði leikurinn 27-24. Með sigrinum unnu Selfyssingar sig upp í úrvalsdeild en Afturelding fer í umspil sem hefst föstudaginn 23. apríl.

Stuðningsmenn Aftureldingar fjölmenntu við Kaffi Kidda Rót og fóru tvær troðfullar rútur á Selfoss eða um 100 manns og var mikið fjör í þeim á leiðinni. Að auki fór fjöldi einkabíla og má gera ráð fyrir að amk 150 Mosfellingar hafi verið á leiknum og létu þeir vel í sér heyra.

Næsta verkefni er því umspilið og er fyrsti leikurinn við ÍBV að Varmá eins og áður sagði föstudaginn 23. apríl kl. 19.30. Búast má við afar spennandi leikjum og eigum við alla möguleika á að spila okkur upp í úrvalsdeild.

Svekktir silfurhafar eftir úrslitaleik á Selfossi.

Viltu leigja?

- VANTAR EIGNIR Á SKRÁ -

Svanþór Einarsson, löggiltur leigumiðlari
Einar Páll Kjærnested, löggiltur leigumiðlari

Fasteignasala Mosfellsbæjar
LEIGUMIÐLUN
Sími: 586 8080
www.fastmos.is
Þverholti 2 • Mosfellsbæ

Birta sló Íslandsmet

Birta Jónsdóttir úr Varmárskóla sló Íslandsmetið í hreystigreip þegar keppt var í Skólahreysti þann 18. mars í Smáranum. Birta hékk í hvorki meira né minna en 6,28 mínútur. Metið er tæpri mínútu lengra en fyrra metið en meðaltími í hreystigreip er innan við þrjár mínútur.

Varmárskóli endaði í 6. sæti og er því dottinn úr keppni. Lágafellsskóli endaði í 2. sæti og keppir til úrslita í beinni útsendingu í sjónvarpinu 29. apríl. Sýnt verður frá forkeppni þar sem Varmárskóli og Lágafellsskóli tóku þátt þriðjudaginn 20. apríl.

Upphafsmenn Skólahreystis eru Mosfellingarnir Andrés Guðmundsson og Lára Berglind Helgadóttir. Skólahreysti nýtur gríðarlegra vinsælda meðal grunnskólabarna enda leggja þau allt í sölurnar.

Lið Varmárskóla í Skólahreysti 2010

BÓNA - BÓNA

Leikmenn meistaraflokks, 2. flokks og Hvíta riddarans bóna bíla til fjáröflunar á sumarstarfinu í áhaldahúsinu í Völuteigi á laugardaginn frá kl. 10 vönduð vinna, fljót og góð þjónusta. Hægt er að panta tíma á netfanginu afturelding@internet.is og í s: 697-8877.

Störf í almannaþágu eiga að vera unnin af heilindum

Ég, Sigurlaug Ragnarsdóttir, hef ákveðið að bjóða mig fram í þriðja sæti á lista til starfa fyrir Vinstrihreyfinguna - grænt framboð í Mosfellsbæ fyrir komandi sveitarstjórnakosningar í maí 2010.

Ég er fædd í Reykjavík árið 1964 en bjó sem barn og unglingur í Stokkhólmi og seinna meir í Lundi þar sem ég stundaði háskólanám á árunum 1995 – 1999. Ég hef búið ásamt fjölskyldu minni hér í Mosfellsbæ frá árinu 2002 og líkað vel. Ég er með BA-próf í listasögu frá Svíþjóð og vinn þessa dagana við að ljúka MA-verkefni í Hagnýtri menningarmiðlun frá Háskóla Íslands. Verkefnið er heimasíða og handbók með útilistaverkum Reykjavíkurborgar sem útgangspunkt en verkefnið er byggt á rannsóknum mínum á útilistaverkum Reykjavíkurborgar, sem ég vann fyrir Listasafn Reykjavíkur. Undanfarin ár hef ég starfað sem umboðsmaður listamanna og við safna- og sýningastörf. Þá hef ég skipulagt sögu– og menningargöngur fyrir Ljósmynda- og Listasafn Reykjavíkurborgar.

Ég hef verið félagi í VG frá árinu 2005, en það var þó ekki fyrr en eftir efnahagshrunið og búsáhaldabyltinguna sem ég ákvað að taka virkan þátt í stjórnmálum. Ég hef unnið mikið í grasrótarstarfi af ýmsum toga vegna þess að ég hef áhuga á að koma á lýðræðisumbótum á Íslandi og fá almenning til taka þátt í að móta samfélagið sitt. Ég hef sem kjósandi og bæjarbúi í Mosfellsbæ verið ánægð með störf Vinstri grænna í bæjarfélaginu og ég tel flokkinn hafa haft góð áhrif á samfélagið í sveitinni og vil ég leggja mitt af mörkum að svo verði áfram. Ég skynja að áherslur mínar og framtíðarsýn eiga vel við meginstefnumál Vinstrihreyfingarinnar – grænns framboðs hér í Mosfellsbæ, þar sem þær grunnhugsjónir um jöfnuð, umhverfisvernd og aukið lýðræði fara saman við mínar eigin hugsjónir. Ég hef verið ötull talsmaður gjaldfrjálsra skólamáltíða í skólum landsins, hef látið kjör barnafólks, aldraða og öryrkja mig varða og mun gera áfram.

Í Mosfellsbæ sé ég mörg sóknarfæri í ferðaþjónustu til að vinna gegn atvinnuleysi. Við verðum öll að snúa vörn í sókn og líta á aðstæðurnar sem kjörið tækifæri til að koma hér á samfélagi, þar sem lögð er áhersla á samstöðu um atvinnuöryggi, jöfnuð og frið. Að lokum legg ég ríka áherslu á að sú ábyrgð sem fylgir því að taka að sér störf í almannaþágu sé unnin af heilindum og með hag allra að leiðarljósi.

Sigurlaug Ragnarsdóttir skipar þriðja sæti á lista Vinstri grænna fyrir komandi bæjar- og sveitarstjórnakosningar.

Oddi
Mosfellingur er prentaður á umhverfisvænan pappír
MOSFELLINGUR



Æskulýðs- og íþróttamál útgjöld

2009	2008	2007	2006
545.021.225	492.728.999	380.955.607	218.434.781

Íþrótta- og tómstundastarf í hávegum

Mosfellsbær er mikill íþrótta- og útivistarbær Fjölskyldufólk er hér mjög áberandi meðal íbúa og er einmitt öflugt íþrótta- og tómstundastarf mjög mikilvægt uppeldis- og forvarnaratriði fyrir börnin okkar. Við erum þess aðnjótandi að hér starfa öflug íþrótta- og tómstundafélög sem leggja metnað sinn í að sinna þörfum samfélagsins í samstarfi við sveitarfélagið. Má þar nefna Ungmennafélagið Aftureldingu, golfklúbbana Kjöl og Bakkakot, Hestamannafélagið Hörð, Mótomos, björgunarsveitina Kyndil og skátafélagið Mosverja. Í öllum þessum félögum og fleiri til er unnið ómetanlegt og óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins okkar.

Framlög hafa aukist verulega

Á undanförnum árum hefur verið unnið mikið starf af hálfu bæjaryfirvalda við að byggja upp aðstöðu fyrir íþróttaiðkun og styðja enn frekar íþrótta- og tómstundafélög í bænum. Framlög bæjarins til þessa málaflokks hafa rúmlega tvöfaldast á kjörtímabilinu farið úr 218 m.kr. árið 2006 í 545 m.kr. árið 2009, eins og sjá má í töflu hér að ofan.

Á sama hátt hafa framlög til íþrótta- og tómstundamála sem hlutfall af skatttekjum sífellt verið að aukast og er nú svo komið að Mosfellsbær er í fararbroddi sveitarfélaga um framlög til æskulýðs- og íþróttamála eins og sjá má af meðfylgjandi töflu.

Helstu áhrifavaldar þess að framlög Mosfellsbæjar til þessa málaflokks hafa aukist eru m.a. eftirfarandi:

- Ný íþróttamiðstöð hefur verið tekin í notkun, íþróttamiðstöðin Lágafell, þar sem m.a. er rekin ein vinsælasta almenningssundlaug landsins í dag
- Framlög til vinnuskólans hafa aukist verulega þar sem ráðist hefur verið í sérstakt atvinnuátak ungs fólks
- Tekinn hefur verið í notkun nýr gervigrasvöllur að Varmá
- Framlög til Afturelding hafa aukist verulega í formi fleiri tíma í íþróttamannvirkjum, hærri styrkja til barna- og unglingastarfs og nýrra styrkja til afreksíþrótta
- Framlög til byggingar reiðhallar Hestamannafélagsins Harðar á Varmárbökkum
- Upptaka frístundaávísunar

Áfram skal haldið

Eins og áður sagði er Mosfellsbær íþrótta- og útivistarbær. Það er mikilvægt að staðinn verði vörður um þessa mikilvægu starfsemi hér í okkar góða bæjarfélagi. Nýtt skref var stigið í haust með tilkomu íþróttafjörsins og er það einstaklega mikilvægt tækifæri til að gera íþróttaiðkun og tómstundir að lífsstíl og forvörn þar sem ekki einvörðungu er horft til þess að ala upp afreksfólk heldur lögð áhersla á að allir geti verið þátttakendur. Það verður spennandi verkefni á næstu árum að byggja ofan á þann góða grunn sem lagður hefur verið í Mosfellsbæ í þessum málaflokki.

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri
Theodór Kristjánsson,
formaður íþrótta- og tómstundanefndar

Nýir Mosfellingar
Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is

Líf og líkami er staðsett í miðbæ Mosfellsbæjar

Heilsubætandi meðhöndlun

Heilsustofan Líf og líkami er staðsett í Háholti 14 í miðbæ Mosfellsbæjar. Þar er boðið upp á ýmiskonar heilsubætandi meðhöndlun fyrir fólk á öllum aldri. Brynjólfur Einarsson hefur rekið Heilsustofuna Líf og líkama í Mosfellsbæ undanfarin þrjú ár. Meðal þess sem Brynjólfur sérhæfir sig í og býður viðskiptavinum sínum upp á er Bowen tækni, Shiatsu þrýstipunktanudd, höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun, heilun, heilunarnámskeið og dáleiðsla.

Brynjólfur Einarsson starfrækir heilsustofu á annarri hæð í Háholti 14.

Hvað er Bowen tækni? Bowen tækni kemur upprunalega frá Tom Bowen sem var frá bænum Geelong í Ástralíu. Hann hjálpaði fólki í vinnunni með litlum hreyfingum upp úr árinu 1940, en hróður hans spurðist fljótt út svo hann hætti í vinnunni og fór eingöngu að meðhöndla fólk og gerði það fram til ársins 1980. Bowen tæknin er unnin með léttum rúllandi hreyfingum yfir vöðva, sinar og bandvefi. Meðferðin er mild og áhrifarík og er unnin í gegnum þunn föt. Bowen tæknin hefur góð áhrif á marga kvilla, svo sem á of hátt kólesteról, heimæði, astma, mígreni og margt fleira.

Hverjir hafa gagn af meðhöndlun? „Fólk á öllum aldri hefur gagn af þeim meðferðum sem ég býð upp á. Bowen tæknin stillir líkamann á ákveðna tíðni sem gerir honum kleift að framkvæma endurbætur á sjálfum sér. Segja má að meðferðin jafngildi því að endurræsa líkamann á ákveðinn hátt“ segir Brynjólfur.

Brynjólfur hóf að læra heilun og Shiatsu þrýstipunktanudd árið 1997. Og lærði síðar höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun, Bowen tækni og dáleiðslutækni. Brynjólfur hefur kennt heilun frá árinu 1999. Hægt er að lesa nánari fróðleik um þær meðferðir sem í boði eru á heimasíðu fyrirtækisins www.lifoglikami.is.

GILDRAN

Í MOSFELLSBÆ

Í tilefni af 30 ára samstarfsafmæli mun hljómsveitin Gildran halda tónleika í heimabæ sínum 1. maí.

Tónleikarnir verða haldnir í Hlégarði og hefjast kl. 21:15. Húsið opnar kl. 20.

Forsala aðgöngumiða verður í Hlégarði miðvikudaginn 14. apríl og fimmtudaginn 15. apríl frá kl. 18-20.

Miðaverð kr. 3.000.-

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

HERBALIFE

Kristín Rúnarsdóttir
Sjálfstæður dreifingaraðili í 10 ár
Sími: 861-7667
kristinherbalife@gmail.com
facebook Allir fyrir Herbalife fyrir Alla

HERBALIFE

Frábær ný vara komin - Formula 1 Expess Bar
Næringarík máltíð í einni stöng!

ÍSHAMAR

Þarftu að breyta eða bæta, utandyra sem innan?
Tökum að okkur nýsmíði, sérsmíði, viðhaldsvinnu og endurbætur.
Álafossvegur 27 - s. 586-8356 (verkstæði) - fax 586-8357
s. 894-0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is

✓RBS ehf
ráðgjöf - bókhald - skattskil
Gunnar Haraldsson, hagfræðingur
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
löggiltur leigumiðlari
Þverholti 11, 270 Mosfellsbær - Sími 561 0244
Gsm 692 4000, 697 3500 - fax 561 0240 - rbs@centrum.is

Viltu vera helmingi fljótari að þrífa?
Nota 90 % minna af hreinsiefnum?
Þá eru ENJO umhverfisvænu hreinlætisvörurnar eitthvað fyrir þig
Frábær tilboð á kynningum í mars og apríl
Nýr ENJO ráðgjafi í heimabyggð
Jóna Magnea Hansen
Sími: 777 3023
jonamagnea@gmail.com
ENJO CLEAN THE WORLD

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR
CELETTE
Fullkomnustu grindarréttinga– og mælitæki sem völ er á hér á landi
Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmiðjan
Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is
NÝJA BÍLASMIÐJAN HF
BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

Tillaga um íbúakosningu felld

Bæjarfulltrúar Samfylkingar lögðu fram tillögu í bæjarráði þess efnis að samfara komandi sveitarstjórnarkosningum í vor yrði kosið um staðsetningu kirku í miðbæjarskipulagi Mosfellsbæjar. Tillögunni var vísað til bæjarstjórnar sem tók hana fyrir á fundi sínum þann 24. mars s.l. Bæjarfulltrúi Framsóknar lagði þar til viðbótartillögu um að einnig yrði kosið um hvort kirkjan ætti að vera sambyggð menningarhúsi eða ekki.

Skemmst er frá því að segja að tillagan var felld af meirihluta sjálfstæðismanna og VG. Meirihlutinn telur slíka kosningu óþarfa þar sem mikil kynning og umfjöllun hafi átt sér stað af hálfu bæjarins um tillögu að skipulagi miðbæjarins s.s. viðhorfskönnun, rýnihópar og kynningarfundir. Ekki er það að sjá að meirihlutinn hafi kynnt sér nægjanlega vel niðurstöður viðhorfskönnunarinnar eða rýnihópanna né hafi hlustað nægjanlega vel á þeim kynningarfundum sem haldnir hafa verið. Alls staðar hafa komið upp efasemdir um staðsetningu kirkjunnar samkvæmt skipulagstillögunni og margir talið heppilegra að hún væri staðsett þar sem bæjarleikhúsið er nú. Af þessum sökum töldum við bæjarfulltrúar Samfylkingar að rétt væri að nota tækifærið og leita eftir vilja íbúanna samfara sveitarstjórnarkosningunum.

Það er til lítils að leita eftir vilja og viðhorfum bæjarbúa ef ekkert á síðan með þá niðurstöðu að gera. Það er sýndarlýðræði. Slík vinnubrögð hafa einkennt störf meirihluta sjálfstæðismanna og VG undanfarið ár þegar allt í einu er farið að blása til íbúaþinga og þá í flestum tilvikum um málefni sem búið er að móta stefnu um á skrifstofunum í Kjarna. Bæjarbúar standa því frammi fyrir gerðum hlut. Það er ekki traustvekjandi að ári fyrir kosningar skuli allt í einu vera farið að leita eftir viðhorfum íbúa og það með eins ósannfærandi hætti og raun ber vitni.

Það er sameiginlegt verkefni okkar íbúa Mosfellsbæjar að móta samfélag okkar og því þarf að skapa sterka hefð fyrir því að leitað sé eftir viðhorfum og sjónarmiðum og leggja mál í dóm íbúanna. Með þeim hætti verður Mosfellsbær okkar samfélag mótað af okkur fyrir okkur. Höfnum sýndarlýðræði og veljum samráð og samvinnu um mótun og þróun Mosfellsbæjar til framtíðar.

Jónas Sigurðsson
bæjarfulltrúi Samfylkingar

Sorptunnur – sparnaður – umhverfismál – grænt

Í 3. tbl. Mosfellings þann 26. febrúar birtust greinar nokkurra pólitíkusa í Mosfellsbæ, ýmist sitjandi bæjarfulltrúa eða þeirra sem hug hafa á setunni. Allir hafa þeir áhuga á betra samfélagi og ekki síst grænu.

Í nokkur misseri hef ég verið að velta fyrir mér ástæðu þess af hverju sorptunnugjald er innheimt pr. íbúð fjölbýlishúss og verkið boðið út sem slíkt (tunnufjöldi) af hálfu bæjarins.

Í mínu húsfélagi (fimm íbúðir) borgar nú hver íbúðareigandi sorphirðugjald (ein tunna) með fasteignagjöldunum sem hækkar alltaf umtalsvert milli ára. Árið 2008 var tilraunaverkefni í gangi hjá Mosfellsbæ varðandi grænar tunnur og endurgreiddi bærinn þá tæmingu þeirra. Það er ekki gert lengur og í tölvupóstssvari frá bænum til mín þ. 14. mars 2009 segir: „Ekki verður því í bili endurgreitt frekar vegna grænna tunna. Mosfellsbær vonar hins vegar að bæjarbúar muni áfram nýta sér þessa vistvænu þjónustu."

Við hjá húsfélaginu tókum í upphafi tvær grænar tunnur og fylltum þær og í stað þeirra stóðu tvær tómar tunnur í sorpgeymslunni sem verktakinn þurfti ekki að tæma en fékk samt borgað fyrir hjá bænum. Svo greiðum við íbúarnir þetta loks með fasteignagjöldunum. Ósanngjarn, óvistvænt og óeðlilegt.

Nú höfum við aðeins eina græna tunnu og borgum til einkaaðila tæmingu hennar þrátt fyrir að vera í raun rukkuð fyrir hana aftur af bæjarfélaginu. NB: Þrátt fyrir að nú sé aðeins ein græn tunna hér þá standa alltaf tvær tómar í sorpgeymslunni.

Á vefsvæðinu reykjavik.is segir um sorphirðu 2009:

„Sorphirðugjald í Reykjavík miðast við fjölda, stærð og tíðni losanna á sorpílátum við íbúðarhús. Íbúar greiða þannig m.v. magn af sorpi sem fellur til hjá þeim (rýmd sorps). Þeir sem kjósa að flokka sorp til endurvinnslu geta fækkað ílátum, stærð þeirra eða losunartíðni og þannig lækkað sorphirðugjöld sín. Í fjöleignarhúsum tekur hússtjórn eða meirihluti eigenda ákvörðun um fjölda sorpíláta og sorphirðugjöldum er skipt á íbúa eftir hlutfallstölu eignarhluta."

Af hverju getur Mosfellsbær ekki tekið Reykjavík sér til fyrirmyndar varðandi gjald fyrir tæmingu sorptunna?

Sesselja G. Guðmundsdóttir,
gjaldkeri húsfélags Urðarholti 5

Enn um akstur upp á Úlfarsfellið

Í 4. tbl. Mosfellings skrifa þrír menn, Bolli Valgarðsson, Skúli K. Skúlasson og Ríkharður Már Pétursson sameiginlegan pistil um akstur upp á Úlfarsfellið. Ég þekki fjallið einungis sem gangandi útivistarmaður og það nokkuð vel, hef oft farið þarna upp. Ég er sammála mönnunum þremur að þetta er skemmtilegt fjall sem býður upp á frábæra upplifun á öllum tímum ársins. Fallegasta leiðin upp á fjallið er úr skógræktarsvæðinu í Hamrahlíðinni. Þar gengur maður í gegnum nokkur gróðurbelti og getur fylgst vel með hvernig gróðurfarið breytist með hækkuninni. Fuglalífið, sem hægt er að skoða, er einnig mjög fjölbreytt á þessari leið. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst lang skemmtilegast að fara þá leið upp á fjallið þar sem engir ökuslóðar eru og ég fæ að vera í friði fyrir vélknúnum ökutækjum. Ég tek undir með Sesselju Guðmundsdóttur hvað þetta varðar en skil satt að segja ekki þá neikvæðu umfjöllun hennar um skógræktina þarna. Þessi starfsemi hefur svo sannarlega auðgað þetta svæði sem einkenndist áður fyrr af frekar ógrónum melum og skriðum.

Þetta eru auðvitað mínar persónulegar skoðanir og menn njóta útivistar á mismunandi hátt. Ekki eru allir nógu brattir til að ganga upp á fjöll. Svifdrekamennirnir vilja komast með útbúnað sinn upp og erlendir ferðamenn hafa kannski ekki tíma né útbúnað til að fara þetta gangandi.

En málið er bara þetta: Slóðirnar upp á fjallið urðu til vegna ólöglegs utanvegaaksturs. Svo hefur það orðið að vana að þarna sé ekið upp af því að „allir gera þetta". Þeir sem fylgjast með þróun slíkra slóða vita mætavel að vind- og vatnsrof vinnur stöðugt í hjólförum. Þannig skemmist gróðurinn á frekar stuttum tíma og hjólförin verða of djúp og ónothæf. Þá myndast nýir slóðar við hliðina og svo koll af kolli. Þessar skemmdir munu seint gróa og verða að ljótum sárum í brekkunum. Þannig er það líka orðið sumstaðar í Úlfarsfellinu og þar hefur víst orðið tjón, þótt mennirnir þrír vilji meina annað.

Eina lausnin til að gera alla útivistarmenn ánægða er að búa til varanlegan veg upp á fjallið. Honum yrði reglulega haldið við svo færið skemmist ekki og menn freistist ekki til að aka út fyrir hann.

Auðvitað er spurning hver myndi fjármagna slíkar framkvæmdir. Mér skilst að menn séu að fara í ferðir upp á fjallið í atvinnuskyni. Væri ekki eðlilegt að þaðan kæmi eitthvað af fjármagni til viðhalds á veginum? Er það ekki eins konar „sjóræningjastarfsemi" þegar bara tekið er út úr náttúrunni en ekki neitt lagt inn? Slík starfsemi hefur því miður tíðkast allt of lengi hér á landi. Því langar mig að spyrja hvernig tryggingarmálum er háttað í ferðum með erlenda túrista upp á fjöll? Líklega ná engar tryggingar yfir tilfelli þegar um utanvegaakstur er að ræða. Hér þarf að setja skýrar reglur svo að Ísland fái ekki neikvæðan stimpil sem ferðaland.

Úrsúla Jünemann

Fjármál Mosfellsbæjar

Nú líður að kosningum. Flokkarnir sem bjóða fram eru að semja stefnuyfirlýsingar fyrir næsta kjörtímabil. Oft er þetta loforðalisti þar sem reynt er að gera allt fyrir alla. Þegar ég skoða stefnuskrá okkar VG fyrir síðustu kosningar er ég mjög ánægður með það sem áunnist hefur á kjörtímabilinu. Ástæðan fyrir því, er að við erum í meirihluta í bæjarstjórn. Þó við séum enn minni en Sjálfstæðisflokkurinn, hefur oddviti okkar Karl Tómasson sama vægi og fulltrúar þeirra, enda um það samið í upphafi að engar ákvarðanir yrðu teknar nema að fyrir lægi samþykki beggja. Stefnuskrár ábyrgra flokka verða væntanlega öðruvísi fyrir þessar kosningar. Það er a.m.k. ekki á dagskrá VG að lofa stórframkvæmdum. Næstu eitt til tvö árin skiptir öllu máli að verja barnafjölskyldurnar. Styrkja starfsemi fjölskyldunefndar, svo þar sé borð fyrir báru til aðstoðar við fjölskyldur í vanda eins og gert var við síðustu fjárhagsáætlun.

Það er mikið afrek ef okkur tekst á þessum hruntímum að hefja byggingu framhaldsskóla og hjúkrunarheimilis. Ég er bjartsýnn á að það takist enda viðkomandi stjórnvöld í talfæri.

Þó fjárhagsstaða Mosfellsbæjar sé þokkaleg má ekki mikið út af bregða. Næstu ár þarf að huga vel að öllu í rekstrinum. Gæta þarf að því, að ekki verði gefið eftir fyrir hagsmunaaðilum sem ávalt reyna að ýta á fjárveitingar úr bæjarsjóði, nema að vel athuguðu máli.

Mosfellingar, við Vinstri græn vonumst til þess að þið stuðlið að því að okkar viðhorf komist líka til skila á næsta kjörtímabili. Við teljum að það skipti máli fyrir bæjarfélagið og okkur öll.

Ólafur Gunnarsson
formaður VG í Mosfellsbæ

Bæjarbragur með grænum miðbæ

Oft hefur Mosfellsbær verið nefndur svefnbær en stækkandi bæjarfélag gerir okkur kleift að byggja hér upp miðbæ. Allt frá árinu 2005 hefur verið unnið að nýju miðbæjarskipulagi. Byrjað var á að framkvæma skoðanakönnun meðal íbúa til að kanna hvernig þeir nýttu núverandi miðbæ og hvernig þeir vildu sjá miðbæinn þróast. Drög að skipulagi fóru svo til umfjöllunar hjá rýnihópum. Í kjölfarið tók tillagan breytingum og varð enn grænni. Klapparsvæðinu er gert hátt undir höfði í nýjum miðbæ og einnig er gert ráð fyrir skrúðgarði við Bjarkarholt.

Mannlíf og menning í miðbænum

Það sem gerir miðbæ að miðbæ er mannlíf, til að tryggja það hefur tveimur veigamiklum byggingum verið valin staður í miðbænum, kirkju- og menningarhúsi og framhaldsskóla Mosfellsbæjar. Farið var í hönnunarsamkeppni með þessar tvær byggingar til að tryggja að þar rísi falleg hús sem þjóni hlutverki sínu vel.

Virk aðkoma bæjarbúa

Við vinnu að miðbæjarskipulaginu hefur verið vandað vel til verks, fagaðilar hafa komið að allri vinnu auk þess sem skipulagið hefur fengið víðtæka umræðu innan stjórnkerfisins og meðal bæjarbúa. Frá upphafi hefur verið leitað eftir sjónarmiðum og skoðunum íbúa auk þess sem mikil áhersla hefur verið á að upplýsingar séu aðgengilegar. Framkvæmd var skoðanakönnun, rýnihópar voru að störfum og fjöldinn allur af kynningum, fundum, viðtölum og greinum hafa auðveldað bæjarbúum að mynda sér skoðun og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Á þeim tíma sem skipulagið hefur verið í vinnslu hefur það tekið nokkrum breytingum og komið hefur verið til móts við margar athugasemdir sem fram hafa komið. Í hinu lögbundna auglýsingaferli nú nýverið komu fáar athugasemdir sem sýnir að almenn ánægja er með tillögurnar þó alltaf séu einhverjir sem vilji sjá hlutina aðeins öðruvísi.

Það var sérstakt fagnaðarefni að á síðasta fundi Skipulags- og byggingarnefndar var skipulagið samþykkt enda er gott skipulag forsenda þess að upp byggist langþráður miðbær í Mosfellsbæ.

Bryndís Haralds, formaður skipulags- og byggingarnefndar

Léttari Hljómur!

-14 kg

Hilmar og Gústi sem skipa heitasta bandið í Mosó og þó víða væri leitað eru í heljarinnar heilsuátaki.

Átakið hefur staðið í sex vikur hafa þeir félagar losað sig samtals um 14 kíló, 7 prósent af fituforða og magaummálið hefur minnkað um 9 cm. Drengirnir eru rétt hálfnaðir í átakinu og kæmi mér ekki á óvart að að þeir félagar spiluðu berir að ofan í sumar, hel köttaðir og löðrandi í olíu.

Eitt er víst að það verður fallegri Hljómur sem skemmtir Mosfellingum og öðrum landsmönnum í sumar.

Elías Níelsson þjálfari

World Class ICELAND

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

www.rafsjon.net
vefsíðugerð - umbrot - nafnspjöld
Mosfellingar fá 10% afslátt af allri þjónustu
Rafsjón ehf - s: 690 8279 - rafsjon@rafsjon.net - www.rafsjon.net

Sjúkraþjálfun & Sjúkrarudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR
Urðarholt 4 Mosfellsbær Sími 578 5080

GÓÐIR MENN EHF
Rafverktakar
GSM: 820-5900
• nýlagnir • viðgerðir
• endurnýjun á raflögnum
• hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
• síma og tölvulagnir
Löggiltur rafverktaki



ÁLAFOSS
Verslun, Álafossvegi 23
WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrágang.
JARÐMÓTUN EHF
Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ · S 586 8060 & 892 0838 · elias@jardmotun.is

Um kirkjubyggingu, íbúalýðræði, skipulagsmál, dómsmál og fleira

Meirihlutinn hafnaði íbúalýðræði í tvígang!

Það ótrúlega gerðist á bæjarstjórnarfundi í Mosfellsbæ miðvikudaginn 24. mars. sl. að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna hafnaði í tvígang tillögum minnihlutans um íbúakosningu samhliða sveitarstjórnarkosningum þann 29. maí n.k. Tillögurnar gengu út á að íbúar yrðu spurðir um staðsetningu kirkju og hvort kirkja og menningarhús ættu að vera sambyggð eða ekki. Þessi tvöfalda höfnun verður að teljast sérstaklega merkileg í ljósi þess að þessir sömu flokkar hafa reynt slá ryki í augu bæjarbúa með því að skreyta sig með íbúalýðræði þótt framkvæmd þess hafi þótt lítt sannfærandi til þessa. Með þessu verður það að teljast full sannað að íbúalýðræði er ekki ofarlega á forgangslista þessara flokka.

Það er ákaflega gleðilegt að safnaðarnefnd Lágafellssóknar skuli ráðgera kirkjubyggingu í Mosfellsbæ. Kirkjurnar tvær sem þjónað hafa bæjarbúum ágætlega til þessa eru báðar byggðar á tímum þegar þarfirnar voru aðrar og stærð safnaðarins talsvert minni. Gleðilegt og nauðsynlegt væri ef ný kirkja og safnaðaraðstaða risi í bæjarfélaginu sem allra fyrst enda þörfin fyrir hana óumdeild.

Mikilvægt er að friður og sátt sé um byggingu jafn mikilvægs mannvirkis og kirkju í samfélaginu okkar. Málið má ekki snúast upp í pólitískt moldviðri og því mikilvægt að íbúar fái að kjósa um staðsetninguna svo og hvort kirkjan eigi að vera samföst menningarhúsi bæjarins eða ekki enda slík vinnubrögð í anda íbúalýðræðis.

Vinnubrögð meirihlutans eru umhugsunarverð

Undrun vekur að meirihlutinn skuli fella tillögu um íbúakosningu um staðsetningu kirkjunnar í Mosfellsbæ þótt engin skoðanakönnun hafi farið fram um staðsetningu hennar. Þó sóknarnefnd hafi verið sammála um staðsetninguna þá þýðir það ekki endilega að það sjónarmið endurspegli vilja íbúanna. Viðhorfskönnun sem gerð var í desember 2006 vegna deiliskipulags miðbæjar sýndi t.d. að aðeins 8% töldu að ný kirkja eða safnaðarheimili myndi gera mannlíf í miðbænum öflugra og fjölbreyttara.

Meirihlutinn hefur í raun vaðið fram í fullkominni blindu og með fordæmalausum yfirgangi, gefið sóknarnefnd von um staðsetningu kirkju- og menningarhúss á lóð sem sjálfstæður lögaðili er með leigusamning um til margra ára. Lögaðili þessi hafði óskað eftir að byggja þjónustu- og verslunarhúsnæði á lóðinni en var vart virtur svara. Mosfellsbær hefur í raun lagt þennan lóðarleiguhafa í einelti og tapað í þrígang málaferlum, fyrst hjá sýslumanninum í Reykjavík og síðan í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna þinglýstra skuldabréfa og þá en á ný fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur vegna útburðarmáls sem bærinn höfðaði en tapaði nú nýlega. Af þessu má sjá að lóðirnar eru ekki í hendi og vandséð að þær verði það án uppkaupa eða samkomulags við umræddan lóðarleiguhafa.

Það er ljóst að ef meirihlutasamstarfið í Mosfellsbæ byggðu á gildum bæjarfélagsins **„Virðing, Jákvæðni, Framsækni, Umhyggja"** þá væru þessi mál í öðrum farvegi.

Auðveldlega mætti sjá þau fyrir sér á eftirfarandi hátt: **Virðing** *fyrir íbúalýðræði.* **Jákvæðni** *fyrir sjónarmiðum íbúanna.* **Framsækni** *fyrir uppbyggingu Mosfellsbæjar með hliðsjón af vilja íbúanna.* **Umhyggja** *fyrir umhverfinu.*

Marteinn Magnússon, bæjarfulltrúi Framsóknar

Við viljum fá þig með okkur í Mosóskokk !

Ert þú ein/n af þeim sem ert alltaf á leiðinni að byrja á því að hlaupa reglulega. Ef svo er þá er Mosóskokk eitthvað fyrir þig. Fyrsta hindrunin sem þú þarft að yfirstíga er að taka ákvörðun um að hlaupa út í lífið og koma þér af stað. Það er enginn vafi á því að regluleg hreyfing og útivera hressir, bætir og kætir. Ekki halda að allir séu örugglega betri en þú. Passaðu þig á því að vera ekki alltaf að segja við sjálfan þig: „ég get þetta ekki, þetta gengur aldrei, ég hef aldrei getað þetta". Útrýmdu þessum þankagangi úr huga þínum ef hann er til staðar og komdu og vertu með okkur. Enginn ætti að vera svikinn af góðum félagskap. Það á að vera gaman og ánægjulegt að hlaupa, svo verður það smám saman vani og loks getur þú ekki án þess verið. Það jafnast í rauninni ekkert á við það að ganga og hlaupa úti á víðavangi. Allt súrefnið fyllir mann af orku og vellíðan sem er ekki hægt að fá með því að vera innandyra og heldur manni einnig í þrusu formi og hver vill það ekki? En ekki gleyma því að til þess að komast í gott hlaupaform þarf mikinn undirbúning og þolinmæði. Regluleg ástundun er lykillinn að árangri. Æfingin skapar meistarann.

Hlaupahópur gefur manni gott aðhald og þar myndast alveg spes stemmning þannig að maður gerir allt til þess að missa ekki úr tíma sem hefur þau áhrif að okkur fer stöðugt fram því regluleg og markviss þjálfun kemur okkur í betra þolform og við verðum ánægðari með lífið og tilveruna.

Nú er vorið alveg að koma og við komin með fiðring í tærnar. Þann 13. apríl hefjast skipulagðar hlaupaæfingar hjá Mosóskokki. Við erum með alla aðstöðu í World Class í Lækjarhlíð og hittumst þar þrisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 17:30 og á laugardögum klukkan 9:30. Mæting í andyri World Class stundvíslega, ekki beðið eftir þeim sem koma of seint. Í hverri viku er sent til ykkar æfingaáætlun fyrir þá viku, mikilvægt er að allir reyni að fylgja henni. Skipulagið er þannig:

Á þriðjudögum er hlaupið frá 5 og upp í 11 kílómetra, allt eftir getu hvers og eins.

Á fimmtudögum eru sprettæfingar, tempóhlaup og styrktaræfingar á eftir.

Á laugardögum er farið hægt og langt en auðvitað getur hver og einn stjórnað því hversu langt hann vill fara.

Við byrjum að hita upp og förum fyrstu metrana saman síðan skiptast leiðir eftir getu og sumir fara styttra meðan aðrir fara lengra. Síðan hittast allir í lokin og gera styrktar- og teygjuæfingar annaðhvort inni í World Class eða úti á grasi. Það sem er alveg nauðsynlegt er að eiga góða hlaupaskó og kort í World Class.

Við í Mosó búum að því að eiga alveg dásamlega fallegt umhverfi til þess að hlaupa í. Hér er allt fullt af fallegum hlaupaleiðum og þú færð aldrei nóg af fegurðinni hér í sveitinni okkar. Hópurinn gerir líka margt annað skemmtilegt svo sem að fara upp á fjöll í nágrenninu, borða góðan mat, fara í dekur og auðvitað taka þátt í keppnishlaupum.

EKKI BÍÐA, KOMDU OG VERTU MEÐ OKKUR!

„Hvert skref skiptir máli, allt telur! Sýndu þolinmæði, velgengni er langhlaup - sýndu framfarir á hverjum degi og framtíðin er þín"

Sjáumst á þriðjudaginn 13. apríl kl. 17:30 í andyri World Class í íþróttamiðstöðinni að Lækjarhlíð.

Halla Karen Kristjánsdóttir íþróttakennari

AÐALFUNDUR SKÓGRÆKTARFÉLAGSINS

Aðalfundur verður haldinn mánudaginn 19. apríl kl. 20.00 í Safnaðarheimili Lágafellsóknar Þverholti 3.

Dagskrá:
Almenn aðalfundarstörf
Erindi flytur dr. Helgi Sigurðsson dýralæknir og sagnfræðingur um sögu skógræktar á Íslandi.

Félagar fjölmennið
Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
www.skogmos.net

SKÓGRÆKTARFÉLAG MOSFELLSBÆJAR

TAKTU ÞÁTT
Í AÐ MÓTA BÆINN ÞINN

Kærar þakkir Mosfellingar!

Á undanförnum vikum hefur mikilvægt málefnastarf farið fram með ykkar þátttöku. Yfir tuttugu opnir málefnafundir hafa verið haldnir í bænum þar sem framlag ykkar var dýrmætt. Niðurstöður þessarra umræðna í fræðslu-, skipulags-, íþrótta-, menningar-, atvinnþróunar- og umhverfismálum verða kynntar síðar.

Undir stjórn Sjálfstæðisflokksins hefur Mosfellsbær náð farsælum árangri á síðustu árum. Til að þeim árangri verði náð á næstu fjórum árum er þátttaka Mosfellinga í málefnastarfinu mikils verð.

Kærar þakkir fyrir mikilvægt framlag til málefnastarfsins!

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ

Ágæti hundaeigandi

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjórnsýsla/samþykktirogreglur)

4. gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:
Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.

Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

ELEKTRUS
- Löggiltir rafverktakar

Sigurjón Hólm Magnússon
Löggiltur rafverktaki
Sími 895 1580 | sigurjon@elektrus.is
www.elektrus.is

HERBALIFE

Kolbrún Rakel Helgadóttir

kolbrunrakel@gmail.com
Lerkibyggð 5 - Mosfellsbær
Sími: 869-7090

Nýjir viðskiptavinir velkomnir
www.youcanworkfromhome.net

ÞJÓNUSTU-AUGLÝSING Í MOSFELLINGI
KR. 5.000 + vsk.*
Rúmlega nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm
*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is

Líf og Líkami - Heilsustofa
- Bowen Tækni
- Dáleiðsla
- Heilun & Heilunarnámskeið
- Höfuðbeina og spjaldhryggsmeðferð
- Shiatsu þrýstipunktameðferð
- **TILBOÐ á meðferðum í mars**

Brynjólfur Einarsson
Háholti 14 Mosfellsbæ • S: 866-0007
www.lifoglikami.is • binni@lifoglikami.is

gudni.is
STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN
AUGLÝSINGAR - NAFNSPJÖLD - LJÓSMYNDUN - UMBROT
VEFSÍÐUR - RÁÐGJÖF - ÖLL STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN
Háholti 14 - 270 Mosfellsbæ - GSM - 897-7738
www.gudni.is - gudni@gudni.is

Heyrst hefur...

...að Guðmundur á Draumakaffi sé sextugur í dag.

...að Pétur Berg sé að verða pabbi

...að mikið hafi verið að gera á Tungubakkaflugvelli á páskadag þar sem Reykjavíkurflugvöllur var lokaður vegna sparnaðar.

...að Póri í Laxnesi hafi rifjað upp gamla takta í borðtennis á Páskamóti Rafmögnunar.

...að Eldhúsið sé farið á hausinn.

...að til standi að leggja niður handknattleiksfélagið Jumboys að loknu keppnistímabili.

...að Facebook-hópurinn um sólarhringsopnun N1 í Háholti hafi svínvirkað. Stofnandi hópsins er Hilmar Þorbjörn Halldóruson.

...að Kjalnesingum standi til boða fá sér netfang@kjalarnes.is.

...að Simmi og Jói opni Hamborgarafabrikkuna í dag.

...að Stebbi og Eyfi spili öll sín bestu lög í Hraunhúsum næsta föstudag.

...að Auður og Stulli séu flutt inn í Húsið á sléttunni.

...að byrjað sé að bjóða upp á fullorðinsfimleika hjá Aftureldingu.

...að Svanni sé búinn að fá sér hund.

...að opnunartími Lágafellslaugar verði lengdur á næstu vikum.

...að Mosfellingurinn Arnar Pétur Stefánsson hafi verið valinn gítarleikari Músíktilrauna 2010.

...að slökkviliðið hafi þurft að slökkva sinubruna við Skálatún.

...að Sálin hans Jóns míns verði í íþróttahúsinu að Varmá 8. maí.

...að Rúnar Bragi og Bylgja hafi keypt Grillnesti og opni með látum á sumardaginn fyrsta 22. apríl.

...að Hljómurinn sé búinn að léttast um samtals 14 kg í átaki hjá Ella.

...að búið sé að semja mótslag fyrir öldungablakmótið Mosöld sem fram fer að Varmá í maí.

... að verið sé að gera nýjan heitan pott í sundlauginni að Varmá.

...að megnið af staffinu á Eldhúsinu sé byrjað að vinna hjá Kidda Rót.

...að systkinin Elli og Erla Víðisbörn eigi afmæli í dag.

MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

Sundhópurinn Birta kemur saman við ýmis tækifæri.

Haldið uppá þrefalda afmælisveislu hjá Birtu

Sundhópurinn Birta

Sundhópurinn Birta hefur verið virkur frá árinu 2001 en þá hóf Reykjalundur að bjóða upp á heilsurækt fyrir almening. Sjúkraþjálfarar og íþróttafræðingar sjá um þjálfun. Hópurinn er fjölmennur eins og sjá má á myndinni hér að ofan en utan um hópinn heldur Guðfinna Brynjólfsdóttir. Hópurinn kemur saman við ýmis tækifæri, nú síðast var haldin þreföld afmælisveisla. Ein var fimmtug, önnur sextug og sú þriðja sjötug. Hópurinn pantaði tertu úr Mosfellsbakarí í tilefni af þessu og skáld í hópnum bjó til gamanvísur um tilefnið.

Glæsileg afmælisterta frá Mosfellsbakarí.

180 ára, Vallý, Dóróthea og Valgerður.

Stofnfundur ungmennadeildar

Blómlegt unglingastarf hefur verið hjá Kjósarsýsludeild Rauða krossins síðan árið 2002. Í lok mars var stofnuð sérstök ungmennadeild utan um starfið (URKÍ-Kjós) og er nýskipuð stjórn með mörg spennandi verkefni í undirbúningi. Sem dæmi má nefna verkefni sem snúa að ungun innflytjendum, opið hús/ungmennakvöld og nytjamarkaður. Upplýsingar um ungmennastarfið má finna á heimasíðunni www.redcross.is/kjos og eru áhugasöm ungmenni hvött til að hafa samband við deildina. Á myndunum er nýskipuð stjórn URKÍ-Kjós: Anna Dúna Halldórsdóttir, Þrúður Kristjánsdóttir, Ágústa Ósk Aronsdóttir formaður, Arnar Kristjánsson. Á myndina vantar Gísla Frey Guðbjörnsson

Í eldhúsinu HJÁ MARÍU

Kjúklinga lasagne

María Marta Sigurðardóttir ritari í Lágafellsskóla gefur okkur uppskrift að þessu sinni en uppskriftina fékk hún hjá systur sinni.

Mexíkóskt lasagne
(ca fyrir 5-6)
5-6 kjúklingabringur
½ laukur (venjulegur eða rauðlaukur)
2 rauðar paprikur
Eitt bréf burrito kryddmix
2 dósir taco eða salsasósa
½ lítri matarrjómi (má nota venjulegan)
6 tortillas pönnukökur eða 8 fajita pönnukökur
Rifinn ostur

Kjúklingabringurnar eru skornar í teninga, steiktar og burrito kryddi bætt við. Laukur skorinn smátt og paprika í teninga og steikt á pönnu. Þegar kjúklingur er steiktur er salsasósu og matarrjóma bætt út í.

Látið allt malla saman í smástund.

Eldfast fat – fyrst sett í botninn tortillas pönnukökur, skornar til, til að þekja formið. Svo kjúklingasósan og tortillaskökur til skiptis, efst kjúklingaskósa. Ostur yfir. (Ég set ost á milli allra laga)
Sett í ofn á 190 gráður í ca 15-20 mín eða þar til osturinn brúnast svolítið.

Bera fram með sýrðum rjóma, avacado mauki og fersku salati.

Verði ykkur að góðu.

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Drengur Sigurðsson fæddist 24. febrúar á Akranesi. Hann er 3890 gr og 50 cm. Foreldrar: Anna Heidi Hilmarsdóttir og Sigurður Páll Ragnarsson.

Húseigendur og Húsfélög ATH!

B.S.VERKTAKAR

- Málun bílastæða
- Malbiksviðgerðir
- Vélsópun
- Hellulagnir

551 4000
www. verktak.is

LEKALAUSNIR

Þakviðgerðir og þakhúðun með PACE framlengir líftíma þaksins.
Stöðvar ryðmyndun og leka.
Fáðu nýtt þak með þakhúðun frá PACE og sparaðu um leið

Pace PRODUCTS INC

55 30 600
www. tam.is

HLUTAVELTA

Eldey, Einhildur, Hilmar Bjarni og hundurinn Krummi söfnuðu 1.089 kr fyrir Rauða krossinn með því að syngja fyrir fólk.

Heiðdís Erla gekk í hús og safnaði flöskum og dósum og færði Rauða krossinum andvirðið, 528 kr.

ESJAN MÍN

Esjuhlíðar brattar og brúnar
bera við himininn bláan,
menn á ferð með fætur lúna
fara upp stíginn háan.
Blessar þig sólin, tignar eldi
á sumarsins fagra kveldi.

Þú yfir oss vakir alla tíð
frá örófi þessarar þjóðar,
svipsterk og sólbjört er þín hlíð
er sveipa þig sólskinsins logar.
Manneskjur klífa þig móðar
og eigna sér minningar góðar

Mynnist þú við Mosfellsdal
margan fagran daginn
þú fyllir þar þann fjallasal
er umlykur Mosfellsbæinn.
Einstök ert þú Esjan mín
á allar hliðar svo fögur og fín.

Eggert V. Kristinsson 24.03.2010

MOSFELLINGUR

v/ sumardagsins fyrsta, kosninga o.fl.

Næstu blöð koma út:

Miðvikudaginn 21. apríl
(skilafrestur efnis 17. apríl)

Miðvikudaginn 12. maí
(skilafrestur efnis 8. maí)

Föstudagurinn 28. maí
(skilafrestur efnis 24. maí)

mosfellingur@mosfellingur.is

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

BJARKI SNÆR Spila handbolta og fara til útlanda.

SIF GUNNARSDÓTTIR
Vinna og fara til London.

DANÍEL VEIGAR
Vinna í fiski.

HARALDUR ÁRNI
Vinna við glugga.

BRYNDÍS OG BRYNDÍS ÓSK
Útlanda, útilegu og bústað.

BJARKI SNÆR Í 10. SE
Vinna á Suðureyri.

Stelpurnar í stuði

Inger og Lena

Bassinn plokkaður



Þrándur hraunar

Gosinn á flugi

Rósa og Petra

Dúettinn úr Dalnum

Gulldrengirnir

Á diskóbar

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is

BBB lúðratríóið

Þríeykið

Mjá...

Nágrannarnir Rúts og Rót

Jöklafararnir þrír

Bylgjan í formi

MOSFELLINGUR er á... facebook

Arnar á móti sól

Margfaldur meistari

Nöfnurnar á tjúttinu

Sjóðandi heit á jöklinum

Fitt á Akureyri

UNGIR SVEINAR

STRÁKARNIR Í UMFUS SÁU NÝJUSTU SPRUNGUNA RIFNA

TVÍFARAR

ELLI KENNARI

GERALD BUTLER

BARINN ER OPINN

ÞETTA REDDAST

Maður er alltaf að læra eitthvað nýtt. Maður er líka alltaf að átta sig á einhverju nýju. Eða kannski er það ekkert svo nýtt. Kannski er það bara eitthvað gamalt sem að maður vissi allan tímann en þarf að minna sjálfan sig á reglulega.

Nú er eflaust einhver að hugsa „Djöfulinn er hann að skrifa þessi sköllótti sláni. Er hann með enn einn helvítis bull-pistilinn í þessu blaði. Hver hleypti þessum manni upp á dekk.“ Hey! Óþarfi að vera með dónaskap. Það sem ég er bara að reyna segja er að maður á að hætta að hafa áhyggjur af öllu því sem hugsanlega gæti farið úrskeiðis og öllu því sem ekki varð.

Stundum gerast bara hlutir sem maður ræður ekkert við. Fólk fellur frá, efnahagskerfi hrynja. snjóflóð falla og þú rífur óvart í pungharin á þér þegar þú ætlar að laga nærbuxurnar.

Það sem maður ræður hins vegar við er hvernig maður tekst á við þessa hluti. Hvaða viðhorf maður hefur til hlutanna og hvort maður ætli að láta neikvæða eða jákvæða hluti stjórna lífi sínu. Þetta er ekki einfalt. Þetta kostar stöðuga vinnu, aga og kærleika en borgar sig alltaf þegar upp er staðið.

Tveir vinir mínir, feðgar úr Mosfellsdalnum, hafa kennt mér ótrúlega mikið í þessum málum. Þeir misstu nákominn aðila án nokkurs fyrirvara eins erfitt og ósanngjarnt og það getur verið. Það hefur verið mér dýrmæt lexía að fylgjast með því hvernig þeir tókust á við þessa hluti. Hversu jákvæðir þeir hafa verið þrátt fyrir erfiðar aðstæður og hversu mikið þeir gefa af sér á hverjum degi þrátt fyrir þetta allt. Þvílík eðalmenni báðir tveir.

„Þetta reddast“ sagði einhver og það gerir það. En bara ef horft er á björtu hliðarnar og tekist brosandi á við hlutina. Þetta reddast ekki ef þú ætlar að vera fýlu. Hættissu. Brostu, afhverju ekki? Lífið er erfitt en það þarf varla að vera leiðinlegt líka.

Ásgeir „hinn uppljómaði“ Jónsson

SMÁAUGLÝSINGAR

FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Flugfar fyrir tvo á tilboði
Er með tvo flugmiða frá Heimsferðum til Prag eða Barcelona. Vegna óviðráðanlegra orsaka komumst við ekki sjálf í ferðina en erum tilbúin að láta miðana í góðar hendur gegn vægu gjaldi. Miðarnir gilda til 30. apríl. Uppl. í síma 4112730 (Íris).

Óskum eftir
Einbýli, raðhúsi eða íbúð til leigu í Mosó. Hótel Laxnes - S: 566 88 22.

Smáauglýsingar sendist á:
mosfellingur@mosfellingur.is

MOSFELLINGUR

v/ sumardagsins fyrsta, kosninga o.fl.

Næstu blöð koma út:

Miðvikudaginn 21. apríl
(skilafrestur efnis 17. apríl)

Miðvikudaginn 12. maí
(skilafrestur efnis 8. maí)

Föstudagurinn 28. maí
(skilafrestur efnis 24. maí)

mosfellingur@mosfellingur.is

REDDARI EHF

- Parketslípun
- Parket niðurlagnir
- Allt viðhald parkets
- Kem á staðinn og geri föst verðtilboð.

Upplýsingar í síma 822-0636

REDDARI EHF

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Kenni á bíl, bifhjól eða skellinöðru!
Er með mótorhjólahermi, frábært fyrir byrjendur
Fáið tilboð, kenni allan daginn
Annast einnig ökumat og upprifjun fyrir eldri borgara
Lárus Wöhler
löggiltur ökukennari

ÞAÐ SEM TIL ÞARF
VGH
MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga
GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ
VIÐ ERUM NÚ ORÐIN ÞJÓNUSTUAÐILI FYRIR ÚRVINNSLUSJÓÐ
Þú getur komið með bílinn til okkar og fengið skilagrein fyrir 15.000 króna úrvinnslugjaldi.
GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690

Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa með reynslu
Ragnheiður Jóhannsdóttir
Heilsuráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 869 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com

Háholt 13-15
Fiskbúðin Mos

MOSFELLINGUR

GK Smyrtistofa
Kjarna Þverholti 2
Sími: 534 3424

HRAUSTIR SKÓLAKRAKKAR

Lið Lágafellsskóla er komið í úrslit í Skólahreysti. Báðir grunnskólar Mosfellsbæjar stóðu sig með prýði og endaði Lágafellsskóli í 2. sæti. Keppnin verður sýnd í sjónvarpinu þriðjudaginn 20. apríl. Á myndinni er lið Lágafellsskóla, Kjartan Elvar Baldvinsson, Jóhanna Embla Þorsteinsdóttir, Telma Þrastardóttir, Andri Jamil Ásgeirsson.

Rétt hjá JOA
Réttingar og sprautun
Flugumýri 16d
s. 577-1377 / 896-9497
www.retthjajoa.is

Thai Express
www.thaiexpress.is
Kjarnanum Mosfellsbæ

BERG FASTEIGNASALA

Þjónusta við Mosfellinga í 20 ár

Pétur Pétursson
löggiltur fasteignasali
897-0047

588 55 30

Bugðutangi

Fallegt 202 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á rólegum stað við botngötu í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnh og stór stofur. Ný og falleg eldhúsinnrétting. Verönd og fallegur garður. Skipti á ódýari eign koma til greina. **V. 35,9 m.**

Leirutangi

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjórbýlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi.Laus fljótlega. Hagstætt verð. **V. 18,5 m.**

Súluhöfði

Mjög vel staðsett 185 fm. einbýli við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Gott skipulag. 4 góð herbergi, rúmgóð stofa. 2 baðherbergi.Eftir er að klára lóð. Rúmgóður bílskúr.
V. 41,0 m.

Krókabyggð

Glæsilegt 220 fm. parhús á tveimur hæðum á góðum stað í Mosó. Flottar innréttingar og gott skipulag. Glæsilegur garður með garðhúsi og góð aðkoma að húsi.

Furubyggð

Vandað og vel staðsett 165 fm. parhús með auka 18 fm. óskráðu risherbergi við Furubyggð. Lokuð og gróin gata. 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, flottur sólpallur. Hagstætt 4,15% lán. Skipti á ódýrari eign koma til greina. **V. 36,8 m.**

Kvíslartunga

Glæsilegt 279 fm. parhús á tveimur hæðum við Kvíslartungu. 80 fm svalir á bílskúrsþaki. Skipti á minni eign koma til greina. **V. 39,9 m.**

Stórikriki

Afar glæsileg 159 fm. eign á efstu hæð í þessu vandaða fjölbýli við Stórakrika. Eignin er með 24 fm. bílskúr og góðu herbergi inn af honum. Flottar innréttingar,stórar svalir og fallegt útsýni. 3 rúmgóð svefnherbergi. **V. 30,5 m.**

Skólabraut

Fallegt og vel skipulagt 161 fm. einbýli við Skólabraut. Mikið endurnýjað hús. Nýjar innréttingar.Baðherbergi bæði ný tekin í gegn. Flottur pallur og 4 svefnherbegi. Eign í góðu viðhaldi.
V. 39,2 m.

Víðiteigur

78 fm. endaraðhús við Víðiteig í Mosfellsbæ. Parket á gólfum. Björt stofa. Baðherbergi flísalagt með góðum innréttingum. Góðir fataskápar. Rúmgott loft yfir sem er utan fermetratölu. Flottur garður. Laust strax. **V. 20,3**

Opið virka daga frá kl. 9-18 • Netfang: berg@berg.is • www.berg.is • Berg fasteignasala stofnuð 1989